

**Hagkvæmniathugun á sameiningu
Rafmagnsveitna ríkisins og
Veitustofnana Akureyrarbæjar**

Janúar 2001

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. SAMANTEKT	4
3. ATHUGUN Á SAMEININGU	5
HAGRÆÐING.....	5
(a) Vinnuflokkar.....	6
(b) Birgðahald.....	6
(c) Bifreiðar, vélar og tæki.....	8
(d) Upplýsinga- og tölvukerfi	9
(e) Viðskiptaþjónusta	9
(f) Fjargæsla og vöktun.....	10
(g) Almenn skrifstofuhald í umdæmi	10
(h) Húsnæði.....	11
(i) Yfirstjórn.....	12
SAMLEGÐARÁHRIF	14
(a) Flutningskostnaður.....	14
(b) Húsnæðiskostnaður	15
(c) Breytingar á starfsemi	15
(d) Færsla og endurnýjun á þekkingu og reynslu	16
(e) Sóknarfæri í kjölfar breytinga	17
(f) Samskipti við stjórnsýslu, önnur orkufyrirtæki, ráðgjafa, birgja, umdæmisskrifstofur og útibú 18	
4. MAT Á EIGNUM	20
MAT VARANLEGRA REKSTRARFJÁRMUNA.....	20
Eignir Rafveitu Akureyrar og Hita- og vatnsveitu Akureyrar.....	20
Eignir Rarik.....	21
AÐRAR EIGNIR	21
Afskriftir	21
Fjárbinding	21
Veltufjármunir	21
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	22
5. FJÁRFESTINGARÞÖRF	22
Rarik	22
VA	22
6. ORKUÖFLUN	22
7. ORKUVERÐ OG GJALDSKRÁR	22
8. BREYTINGAR Á REKSTRARUMHVERFI	23
SKATTAUMHVERFI	25
9. FREKARI SAMEINING OG DREIFING Á EIGNARAÐILD	26
10. REKSTRARLÍKAN FYRIR NÝTT FYRIRTÆ KL	27
REKSTRARREIKNINGUR	27
EFNAHAGSREIKNINGUR	28
SJÓÐSSTREYMI	29
ÓARDBÆRAR REKSTRAREININGAR.....	29
11. STARFSMANNAMÁL	30
LÍFEYRISRÉTTINDI OG FÉLAGSADILD	30
ÖNNUR RÉTTINDI.....	31
12. ÁHRIF Á BYGGÐAÞRÓUN	32

1. Inngangur

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið fól PricewaterhouseCoopers ehf. að annast gerð hagkvæmniathugunar á sameiningu Rafmagnsveitna ríkisins og Veitustofnana Akureyrarbæjar að undangengnu útboði á vegum Ríkiskaupa.

Markmið athugunarinnar er að meta hagkvæmni þess að sameina Rafmagnsveitur ríkisins og Veitustofnanir Akureyrarbæjar og að flytja höfuðstöðvar fyrrnefnda fyrirtækisins til Akureyrar.

Ekki var gert ráð fyrir því að fara ítarlega ofan í rekstur fyrirtækjanna heldur fyrst og fremst að meta möguleika á hagræðingu við sameiningu, meta samlegðaráhrif, skoða þær aðferðir sem notaðar eru hjá fyrirtækjunum við mat á eignum og fjalla um afleiðingar sameiningar á ýmsa þætti starfseminnar.

Skoðaður var árangur af flutningi opinberrar starfsemi frá Reykjavík út á land, m.a. af flutningi þróunarsviðs Byggðastofnunar og Landmælinga Íslands (sbr. skilamat Framkvæmdasýslu ríkisins, sept. 2000) til þess að meta helstu mál sem upp koma við slíkan flutning.

Við framkvæmd verkefnisins var rætt við starfsfólk Rarik í Reykjavík og á Akureyri, og við starfsfólk Veitustofnana Akureyrarbæjar.

Ráðgjafar PwC í Reykjavík og á Akureyri önnuðust framkvæmd verkefnisins, með þátttöku verkfræðistofunnar Línuhönnunar hf.

2. Samantekt

Fjárhagsleg samlegðaráhrif

Gert er ráð fyrir að sameining Rafmagnsveitna ríkisins og Veitustofnana Akureyrarbæjar leiði af sér árlega rekstrarhagræðingu að upphæð tæplega 150 m.kr.

Auk þess er áætlað að fjárhagsleg áhrif vegna sameiningar fyrirtækjanna á einn stað verði um 8 m.kr. á fyrsta starfsári. Þá hefur verið tekið tillit til kostnaðar vegna flutnings fyrirtækisins og þjálfunar starfsfólks, auk tekna vegna sölu eigna.

Starfsfólk og þekking

Ljóst má vera að sameining fyrirtækjanna og það að hið nýja félag verður hlutafélag hefur áhrif á stöðu og réttindi starfsmanna. Mest verða þó áhrifin fyrir starfsmenn í höfuðstöðvum Rarik í Reykjavík, ef til þess kemur að þær verði fluttar til Akureyrar í kjölfar sameiningarinnar. Þetta helgast af því að flestir þeirra munu ekki flytja með fyrirtækinu norður, skv. viðhorfskönnun sem fram fór dagana 14-19. sept. (um 85% munu hætta vegna flutningsins).

Rekstur og rekstrarumhverfi

Rekstrarumhverfi raforkufyrirtækja mun breytast verulega á næstu árum. Drifkraftur þessara breytinga er meðal annars tilskipun Evrópuþings og ráðsins, 96/92/EB, um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Þessi tilskipun miðar að því að auka frelsi í viðskiptum með raforku milli stærri notenda og framleiðenda og skapa samkeppnisforsendur í orkugeiranum.

Sameining Rarik og VA er eðlileg aðgerð til að takast á við þessar breytingar á rekstrarumhverfi orkufyrirtækja og ekki verður annað séð en að sameiningin falli á eðlilegan hátt að þeim. Taka verður tillit til áhrifa breytts rekstrarumhverfis við uppbyggingu fyrirtækisins og á hvern hátt þættir starfseminnar falla að ákvæðum 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga.

Áhrif á byggðaþróun

Áætlað er að við sameiningu fyrirtækjanna og flutning norður muni starfsmönnum á Akureyri fjölga um 20 manns og margfeldisáhrif starfanna skila sér í íbúafjölgun á svæðinu um 90 manns til lengri tíma litið.

Gera má ráð fyrir því að auk þess sem flutningur höfuðstöðva Rarik til Akureyrar leiðir til fjölgunar íbúa, fjölgi störfum í þeim tæknigreinum sem þjónusta hið sameinaða fyrirtæki. Með fjölgun tækni- og viðskiptamenntaðra einstaklinga á Akureyri verður skotið styrkari stöðum undir nýsköpun á svæðinu.

3. Athugun á sameiningu

Eins og segir í inngangi hér að framan er markmið athugunarinnar að gefa mynd af hagkvæmni þess að sameina Rafmagnsveitur ríkisins og Veitustofnanir Akureyrarbæjar og að flytja höfuðstöðvar þess fyrrnefnda til Akureyrar.

Í verklýsingu segir um athugun á sameiningu: „*Meta skal þá hagræðingu sem ná má fram með sameiningu á starfsemi höfuðstöðva, umdæmisskrifstofu Rafmagnsveitna ríkisins og Veitustofnana Akureyrarbæjar*“. Ennfremur segir í þessum sama kafla: „*Fjalla skal sérstaklega um færslu á núverandi höfuðstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins til Akureyrar og samlegðaráhrif af þeim flutningi, ávinningi og kostnaði*“.

Rætt var við stjórnendur og starfsmenn til þess að fá yfirsýn yfir núverandi starfsemi og var öllum gögnum safnað saman í samráði við þá. Tölulegar niðurstöður skýrslunnar byggja á þessum gögnum. Til einföldunar í umfjölluninni hér á eftir var hinu sameinaða fyrirtæki gefið nafnið RAVA hf. (rafmagn og vatn).

Við mat á hagræðingar- og samlegðaráhrifum af sameiningunni er gengið út frá sameiningu fyrirtækjanna eins og þau eru í dag.

Því er gengið út frá að grunneiningar í skipulagi RAVA hf. verði eftirfarandi:

- yfirstjórn með stoðsviðum (kynningar- & þróunarmál og starfsmanna- & gæðamál)
- þjónustusvið (fjármálaþjónusta, tækniþjónusta)
- kerfisstjórnun (aflstýring/framleiðsla)
- rekstrarsvið (umdæmin).

Þessar grunneiningar eru ekki í fullu samræmi við kröfur í tilskipun ESB um aðskilnað framleiðslu, flutnings, dreifingar og sölu á orku. Í höfuðstöðvum Rarik hefur verið unnið við að endurskilgreina fyrirtækið með tilliti til þessara krafa ESB og þeirra hugmynda sem fram koma í drögum að frumvarpi að nýjum raforkulögum og skýrslu nefndar iðnaðarráðherra um framtíðarskipulag raforkuflutnings á Íslandi. Um áhrif þeirrar breytingar er fjallað í kafla 8 hér á eftir þar sem reynt er að leggja mat á það hvernig sameiningin fellur að þessum nýju hugmyndum.

Hagræðing

Hér á eftir er gerð grein fyrir núverandi mönnun einstakra eininga fyrirtækjanna og færð rök fyrir þeirri hagræðingu sem mögulegt er talið að ná fram við sameiningu þeirra. Ennfremur er gerð grein fyrir núverandi starfsemi fyrirtækjanna og helstu niðurstöðum athugunar í málaflokkum sem samsvara köflum (a) – (c) og (g) – (i) í verklýsingu. Hjá Rarik starfa nú 56 starfsmenn í 55 stöðugildum í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Reykjavík, 28 starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum á Akureyri og hjá VA starfa 46 starfsmenn í 44,5 stöðugildum. Samtals starfa hjá fyrirtækjunum 130 starfsmenn í 127,5 stöðugildum (sjá nánar í töflu 1).

Tafla 1: Núverandi stöðugildafjöldi fyrirtækjanna

Samanburður á starfsmannafjölda	Rarik	Rarik	Veitust.	
	höfuðst.	NLA	Akureyrar	Samtals
Forstjóri	1,00		1,00	2,00
Framkvæ mdestjórar	2,00			2,00
Umdæ misstjóri		1,00		1,00
Stoðverk	2,00			2,00
Vinnuflokkar		16,00	19,50	35,50
Birgðahald	6,00	1,00	3,50	10,50
Eftirlit og þjónusta			3,00	3,00
Skrifstofa, fjármál, markaðs- og gæðamál	24,25	5,00	8,50	37,75
Tækni- og hönnun	19,75	4,00	6,00	29,75
Fjargæsla, vöktun og aflstýring		1,00	3,00	4,00
	55,00	28,00	44,50	127,50

Rétt er að taka fram að við mat á hagræðingu við sameiningu fyrirtækjanna lá fyrir að við sameiningu Rafveitu Akureyrar og Hita- og vatnsveitu Akureyrar var ákveðið að starfsmönnum yrði ekki sagt upp við sameininguna. Í áætlunum um mannaflapörf hins nýja fyrirtækis er horft á áætlaða þörf þess og þannig ekki tekið tillit til þessarar ákvörðunar bæjaryfirvalda á Akureyri. Sú hagræðing sem möguleg er hjá VA vegna sameiningar RA og HVA er því hluti af þeirri hagræðingu sem metið er hér á eftir að náist við sameiningu VA og Rarik.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr mati á hagræðingar- og samlegðarmöguleikum.

(a) Vinnuflokkar

Talið er að við sameiningu skapist skilyrði til hagræðingar sem leiðir til þess að fækka megi starfsmönnum í vinnuflokkum hins nýja fyrirtækis bæði vegna samlegðaráhrifa og ekki síst vegna innleiðingar verkáætlanagerðar Rarik fyrir VA-hluta flokkanna. Ítarlegri verkáætlanagerð og undirbúningur mun minnka stjórnunarþörf vinnuflokkana og skapa betri nýtingu á vinnutíma starfsmanna. Reynslutölur fyrirtækja sem hafa tileinkað sér vandaðan verkundirbúning og hagrætt í skipulagi starfsemi sinnar, sýna um 20-25% nýtingaraukningu.

Í vinnuflokkum Rarik á Norðausturlandi og hjá Veitustofnunum Akureyrarbæjar starfa nú 36 starfsmenn í 35,5 stöðugildum. Séu eingöngu taldir starfsmenn vinnuflokka sem starfa á Eyjafjarðarsvæðinu eru störfin 30,5 en það er sá fjöldi sem hafður verður til hliðsjónar við mat á hagræðingarmöguleikum. Vinnuflokkar fyrirtækjanna fást við svipuð verkefni ef frá er talinn vinnuflokkur VA sem er sérhæfður í hita- og vatnslögnum.

Þrjú starfsmenn VA starfa við nýlagnir og tengingar, auk vinnuflokka. Starfsmenn vinnuflokka Rarik sjá um þau störf þar. Gert er ráð fyrir að fækka um einn starfsmann í þessari þjónustu og að staðsetja þá í vinnuflokki sameinaðs fyrirtækis.

Samtals er gert ráð fyrir að sameining vinnuflokka fyrirtækjanna og samrekstur nýlagna og tenginga með vinnuflokkum geri kleift að fækka um 8 stöðugildi. Störfum í umdæminu í vinnuflokkum og við nýlagnir og tengingar fækkar þar með úr 38,5 í 30,5, sem leiðir til lækkunar árlegs kostnaðar um 21 m.kr.

(b) Birgðahald

Heildarinnkaup VA námu um 74 m.kr. á árinu 1999 en árleg innkaup Rarik eru áætlað um 450 m.kr. Samtals birgðahald hjá Rarik á landinu var um 490 m.kr. í september sl.

og er það svipuð tala og var um síðustu áramót. Áætlað er að á sama tíma hafi verðmæti birgða VA af rafveitu- og hita- og vatnslagnaefni verið um 38 m.kr.

Akureyri og Hvolsvöllur eru aðalbirgðastöðvar Rarik. Samkvæmt yfirliti frá Rarik eru birgðir þar um 57,8% af birgðahaldi fyrirtækisins eða um 280 m.kr. Rúmlega 42% af birgðum er fyrir komið á 12 smálagerum víða um land og á viðgerðalager í Reykjavík. Að sögn starfsmanna getur verið misbrestur á því að vörur af lager séu skráðar á verk á þessum smærri stöðum á réttum tíma og einnig kemur það fyrir að vörum sem skilað er eru ekki skráðar inn. Þetta stafar aðallega af því að á þessum stöðum eru ekki birgðaverðir heldur sjá ákveðnir starfsmenn vinnuflokka/útibúa um lagerhaldið. Af þessum sökum er nauðsynlegt að endurmeta birgðaeign Rarik ef af sameiningu verður.

Í viðræðum við starfsmenn kom fram sú skoðun að birgðir á Hvolsvelli og á Akureyri væru nærri því að fullnægja birgðahaldsþörf fyrirtækisins. Miðað við veltuhraða birgða er þar vel í lagt nema verulegur hluti þeirra (um 280 m.kr.) sé talinn öryggisbirgðir. Ekki liggja fyrir upplýsingar um mat á hvaða hluti birgða telst öryggisbirgðir. Standist þetta mat munu sparast verulegar upphæðir vegna minni fjárbindingar í birgðum.

Hagræðing í birgðahaldi sem rekja má beint til sameiningar fyrirtækjanna felst fyrst og fremst í fækkun starfsmanna, minna húsnæði vegna betri nýtingar og minni birgðum af rafveituefni. Talið er að birgðahald á Akureyri (hjá sameinuðu fyrirtæki) megi minnka um sem nemur birgðum VA af rafveituefni eða um 23 m.kr. Þannig sparast um 2,3 m.kr., miðað við 10% ávöxtunarkröfu.

Á skrá Rarik yfir birgðahald kemur fram að tveir lagerar eru skráðir í Reykjavík. Annar af þeim er bókhaldslegt atriði, þ.e. eftir er að skulda út á lagera víða um land vörur sem hafa verið keyptar inn, en hinn er s.k. viðgerða- og mælalager. Ekki er gert ráð fyrir að sá fyrri breytist við sameiningu.

Viðgerðalagerinn er til kominn vegna vara af öðrum lagerum sem fara til úreldingar eða viðgerðar. Við sölu á rafmagnsverkstæði var gerður samningur við kaupandann um viðhald og viðgerðir. Við sameiningu fyrirtækjanna er gert ráð fyrir að vörur séu sendar til viðgerðar eftir þörfum og að viðgerðaraðili sjái um vörslu þeirra meðan á viðgerð stendur. Þess vegna er gert ráð fyrir að þessum lager verði lokað. Mælahluti lagersins er í húsnæði sem er hluti af rafeindadeildinni en stærð þess húsnæðis er samtals um 378 m². Gert er ráð fyrir að rafeindadeildin flytji með höfuðstöðvum til Akureyrar og að mælalagerinn verði hluti af fínvörlager RAVA hf.

Samtals húsnæði vegna birgðahalds á Akureyri í dag er um 1.400 m² fyrir grófvöru (um 669 m² hjá Rarik og um 700 m² hjá VA, sem er bæði fyrir rafveituefni og hita- og vatnslagnaefni) og um 330 m² fyrir fínvöru, um 200 m² hjá Rarik og 130 m² hjá VA).

Tafla 2: Lagerhúsn.	Rarik Rvík	Rarik	VA	Samtals	RAVA hf.	Mismunur
		m ²	m ²	m ²	m ²	m ²
Grófvörlager	328 ¹	669	700	1698	700	998
Fínvörlager	60 ²	202	130	394	200	194
Lagerskýli	0	0	0	0	600 ³	-600
Samtals	388	871	830	2092	1500	592

1 Viðgerðalager í Rvík verður lagður niður - sent á verkstæði eftir þörfum

2 Ferntrafjöldi áæ tlaður - mælalager er hluti af Rafeindadeild

3 Verðmæti lagerskýlis er minna (hér áæ tlað 60%) en verðmæti lokaðs húsnæðis - 600 m² ígildi 360 m² í húsi

Áætlað er að leysa megi húsnæðisþörf hins nýja fyrirtækis á svæði VA á Rangárvöllum með um 700 m² húsnæði fyrir grófvörulager (óbr.), 200 m² fyrir fínvörulager (um 70 m² stækkun á núverandi húsnæði þar) og um 400-600 m² lagerskýli fyrir gróf- og fínvöru (leyst með yfirbyggingu núverandi útsvæðis).

Á Rangárvöllum hefur VA um 830 m² á leigu. Þar þyrfti að bæta við um 70 m² vegna fínvörulagers eins og áður segir. Miðað við að verðmæti lagerskýlis sé um 60% af verðmæti annars húsnæðis má reikna 600 m² skýli sem í ígildi 360 m² húsnæðis. Samtals yrði því að taka um 430 m² á leigu til viðbótar á Rangárvöllum fyrir RAVA. Kostnaðarauki vegna þessa er um 3,3 m.kr. á ári, m.v. leiguverð þar. Á móti kemur árlegur sparnaður vegna húsaleigu 388 m² lagerhúsnæðis í Reykjavík sem er um 1,9 m.kr. á ári. Árlegur kostnaðarauki verður því 1,4 m.kr.

Um þennan kostnaðarauka og sparnað vegna leiguhúsnæðis í Reykjavík verður fjallað í kaflanum húsnæðiskostnaður á bls. 15. Þar verður enn fremur fjallað um sölu eða ráðstöfun á húsnæði Rarik á Akureyri.

Samanlagt hafa bæði fyrirtækin 4,5 stöðugildi við lagerstörf á Akureyri. Með því að sameina birgðahald á einn stað er hæfileg mönnun lagersins talin 2,5 stöðugildi. Árlegur sparnaður við launakostnað lagerhalds á Akureyri er áætlaður 5,4 m.kr.

Samtals er áætlað að breytt skipan í starfsmannahaldi og birgðum skili sér í árlegri hagræðingu birgðahalds að upphæð um 8,0 m.kr.

(c) Bifreiðar, vélar og tækni

Öll notkun bifreiða hjá umdæmisskrifstofu Rarik, nema einnar vörubifreiðar, byggist á viðskiptum við bílaleigu Rarik, sem rekin er fyrir landið allt. Samtals er umdæmið með um 8 bifreiðar í notkun í Eyjafirði auk fyrrgreindrar vörubifreiðar.

Bifreiðaeign VA er með öðrum hætti. Þar eru í rekstri 22 fólks- og sendibifreiðar auk tveggja vörubifreiða og gröfu.

Reiknað er með að hjá umdæmisstarfsemi hins nýja fyrirtækis verði um 12 fólks- og viðgerðabílar, ein sendibifreið fyrir lagerhald, ein bifreið fyrir tæknistörf og hönnun og tvær vörubifreiðar með krana, eða samtals um 14 bifreiðar og tveir vörubílar. Gert er ráð fyrir að bifreiðar þessar verði eign fyrrgreindrar bílaleigu.

Útreikningur á bifreiðapörf vinnuflokka byggist á því að hver 2ja – 3ja manna flokkur hafi bíl til umráða. Þess vegna er gert ráð fyrir að 6 viðgerðajepar verði á Eyjafjarðarsvæðinu og 6 fólksflutningabílar fyrir samtals 25 manna vinnuflokk (24,5 stöðugildi).

Í höfuðstöðvum Rarik í Reykjavík eru fimm bifreiðar í notkun af bílaleigunni. Þar er um að ræða sendibifreið sem notuð er af skrifstofuþjónustu, jeppabifreið sem notuð er af línudeild en auk þess er rafeinda- og mæladeild með þrjár bifreiðar í notkun, tvær jeppabifreiðar og eina fólksflutningabifreið.

Gert er ráð fyrir óbreyttum bifreiðarekstri við höfuðstöðvar hins nýja fyrirtækis.

Á síðustu misserum hefur starfsemi bílaleigu Rarik tekið breytingum. Þróunin er í þá átt að deildin sérhæfi sig í útleigu svokallaðra vinnubíla en hætti með fólksbíla. Í þeim tilvikum sem starfsmenn Rarik þurfa á fólksbíl að halda er það leyst með samningum við starfsmenn um afnot þeirra eigin bíla eða með leigubílum (í Reykjavík) og bílum frá almennum bílaleigum. Gert er ráð fyrir að hið nýja fyrirtæki muni einkavæða þessa starfsemi og er því ekki gert ráð fyrir þeim starfsmönnum sem sinnt hafa bílaleigunni í starfsmannahaldi hins nýja fyrirtækis.

Í töflu 3 má sjá yfirlit yfir bifreiðafjölda fyrirtækjanna í dag og mat á þörf RAVA hf.
Árlegur sparnaður vegna rekstrar bifreiða verður um 19,5 m.kr..

Tafla 3: Bifreiðanotkun	Rarik höfuðst.	Rarik NLA	Veitust. Ak.bæ jar	Samtals	Sameinað umdæ mi	Sameinað höfuðst.	Sameinað samtals	Mismunur
Bifreiðar vélar og tæ ki								
Fólksflutningabílar	1	1	11	13	6	1	7	6,0
Sendiferðabílar	1		11	12	1	1	2	10,0
Jeppabifreiðar	2	1		3	1	2	3	0,0
Viðgerðajeyppar	1	11		12	11	1	12	0,0
Vörubifreiðar m/krana	0	1	2	3	2		2	1,0
Vörubifreiðar m/körfu	0		1	1	0		0	1,0
Grafa	0		1	1	0		0	1,0
Lyftarar	0	1	2	3	2		2	1,0
	5	15	28	48	23	5	28	20

1 Af 11 viðgerðarjeyppum tilheyra 5 viðgerðarjeyppar starfsemi í Norðurþ ígeyjarsýslu

(d) Upplýsinga- og tölvukerfi

Upplýsinga- og tölvukerfi Rarik og VA voru skoðuð með það að markmiði að meta hagkvæmni þess að sameina þau í fyrirtæki með starfsemi á Akureyri.

Niðurstaðan er sú að rekstrarlegt hagræði sé af sameiningu tölvureksturs félagana. Hún muni leiða af sér hlutfallslega lækkun þróunarkostnaðar, betri nýtingu starfsfólks og lækkun rekstrarkostnaðar með því að taka úr notkun gömul kerfi.

Hluti af ávinningnum sem felst í sameiningu upplýsingakerfa fyrirtækjanna liggur í því að aðeins verður rekið eitt viðskiptakerfi í sameinuðu fyrirtæki. Þannig má ná fram hlutfallslegri lækkun á rekstrarkostnaði kerfisins auk þess sem ná má fram betri álagsdreifingu hjá starfsfólki sameinaðs fyrirtækis.

Stjórnunar- og rekstrarkostnaður við tölvukerfin á að geta lækkað hlutfallslega vegna þeirrar hagkvæmni sem felst í rekstri færri kerfa, minni fjárbindingu í búnaði og lægri þróunar- og viðhaldskostnaði.

Skoða þarf nánar hvaða tækifæri eru til hagræðingar vegna rekstrar tæknikerfa í sameinuðu fyrirtæki en ekki er lagt mat á þá þætti að svo komnu máli.

Kostnaður sem VA greiðir til Akureyrarbæjar er um 21 m.kr. á ári fyrir alla þjónustu frá bænum hver sem hún er. Þetta er föst tala sem bundin er vísitölu milli ára.

Bein kerfisleiga 25%	5,0 m.kr.
Starfsm. við bókhald og aðra þjónustu tengdri tölvubúnaði 30%	6,5 m.kr.
Samtals	11,5 m.kr.

Við sameiningu munu þessar 21 m.kr. falla niður en aðeins 11,5 m.kr. verða raktar beint til upplýsingakerfa og vinnu í kringum þau. Gert er ráð fyrir að ekki þurfi að bæta við mannskap til að leysa þessi kerfi af eða vinnslu tengda þeim í sameinuðu fyrirtæki. (Heimild: Dan Brynjarsson, fjármálastj. Akureyrarbæjar)

Nánar er fjallað um einstaka þætti uppbyggingar tölvukerfa fyrirtækjanna **viðauka 1**.

(e) Viðskiptaþjónusta

Sú viðskiptaþjónusta sem fyrirtækin veita er fyrst og fremst kvörtunar- og viðhaldsþjónusta.

Taka skal fram að Rarik er að þróa sérstakt þjónustukerfi sem byggir á ábendingum frá viðskiptavinum. Kerfið hefur enn ekki verið tekið í formlega notkun. Nánar er gerð grein fyrir því í viðauka 1.

Rekið er innheimtu- og gjaldkerakerfi frá Ópus Allt hjá VA, og skiptist kostnaður þannig án vsk á ári:

Hitaveita	116.000 kr.
<u>Rafmagnsveita</u>	<u>94.000 kr.</u>
Samtals	210.000 kr.

Heimild: Hugur hf.

(f) Fjargæsla og vöktun

Ná má stjórnunarlegu hagræði með sameiningu upplýsingakerfa fyrirtækjanna á sviði fjargæslu en hafa verður í huga lítið umfang VA á þessu sviði í dag. Þarna eru því frekari möguleikar til kostnaðarhagræðingar en ekki verður lagt mat á umfang þeirra að svo komnu máli.

Rafveitan:

Ekki er til nein kostnaðargreining fyrir tæknikerfin. Hér er um mjög örugg kerfi að ræða með litlu viðhaldi og rekstrarkostnaður er heldur ekki hár. Kerfið fyrir rafveituna er nýtt, og hefur það ekki enn verið afhent að fullu. Því er ekki komin nein rekstrarreynsla á það. Sú regla sem menn hafa stuðst við er að rekstrarkostnaður sé um 10% af stofnkostnaði sem er um 10 m.kr. fyrir rafveituhlutann.

Hitaveitan:

Eftir að hafa skoðað hitaveituhlutann eru menn samála um að ætla sömu tölu fyrir hann. Í báðum tilfellum er það sama fyrirtækið (Raftákn) sem hefur hannað kerfin og þjónustar þau. Áætla má um 1,0 m.kr. í rekstrarkostnað á ári.

Rekstrarkostnaður:

Rafveitan	1,0 m.kr.
<u>Hitaveitan</u>	<u>1,0 m.kr.</u>
Alls	2,0 m.kr.

Heimild: Jóhannes Ófeigsson, tæknifulltrúi VA

Forsendur þess að þessi upphæð sparist er að kerfi Rarik geti leyst þessi af hólmi. Þess vegna er ekki reiknað með hagræði af þessum lið að sinni.

(g) Almenn skrifstofuhald í umdæmi

Í þessari umfjöllun um almennt skrifstofuhald er átt við alla skrifstofustarfsemi á vegum Veitustofnana Akureyrar og Norðausturlandsumdæmi Rarik án vinnuflokka, starfsmanna við eftirlit og þjónustu og starfsmanna við birgðahald. Hjá VA er um 18,5 störf að ræða og 11 störf hjá Rarik. Í kjölfar sameiningar fyrirtækjanna á Akureyri og staðsetningar höfustöðvanna á sama stað er hægt að koma við umtalsverðri samnýtingu og hagræðingu.

Til þess að hámarka hagræðingar- og samlegðaráhrif sameiningar og flutnings höfustöðva Rarik til Akureyrar er gert ráð fyrir því að höfustöðvar RAVA. sinni þeim hluta starfsemi skrifstofa Norðausturlandsumdæmis og VA sem varðar afgreiðslu, fjármál, bókhald, markaðsmál, gæðamál, upplýsingamál, starfsmannamál, kerfisstjórnun (afstýring og vöktun) og birgðahald. Þar með samanstendur starfsemi

hins sameinaða umdæmis af 2 deildum: tæknideild og markaðs- og viðskiptaþjónustudeild.

Vegna framangreinds flutnings á verkefnum til höfuðstöðva og hagræðingar er gert ráð fyrir að á skrifstofu umdæmisins verði 10 stöðugildi í eftirfarandi störfum:

- Rekstrarstjórn umdæmis 1 starf
- Markaðsmál 2 störf
- Tæknimál 7 störf

Samtals fækkar því um 19,5 stöðugildi. Árlegur sparnaður vegna launakostnaðar í almennu skrifstofuhaldi reiknast því 62,3 m.kr. á ári.

Auk þessa verður hagræðing í rekstrarkostnaði skrifstofuhalds í kjölfar fækkunar starfsfólks (hér er átt við rekstrarkostnað skrifstofuhalds annan en launakostnað og húsnæðiskostnað). Miðað við sundurliðun ársreikninga Rafveitu og Hita- og vatnsveitu nam þessi kostnaður 1,6 m.kr. á stöðugildi árið 1999. Reiknað er með að um helmingur þessara upphæðar sé fastur kostnaður en hinn hlutinn breytilegur með starfsmannafjölda. Haggræðing í rekstrarkostnaði skrifstofu er því um 15,6 m.kr. á ári.

Heildaráhrif hagræðingar í starfsmannahaldi í umdæminu við sameiningu fyrirtækjanna og flutning höfuðstöðva Rarik til Akureyrar má sjá í **töflu 4** hér á eftir.

Samtals mun því launa- og rekstrarkostnaður vegna skrifstofuhalds umdæmis minnka um 77,9 m.kr. á ári.

Tafla 4: Samanburður á starfsmannafjölda	Rarik		Samtals	Sameinað	
	NLA	Akureyrar		umdæmi	Mismunur
Forstjóri		1,00	1,00		-1,00 1
Framkvæmdastjórnar			0,00		0,00
Umdæmisstjóri	1,00		1,00	1,00	0,00
Stoðverk			0,00		0,00
Vinnuflokkar	16,00	19,50	35,50	28,50	-7,00
Birgðahald	1,00	3,50	4,50		-4,50 1
Eftirlit og þjónusta (nýlagnir og tengingar)		3,00	3,00	2,00	-1,00 2
Skrifstofa, fjármál, markaðs- og gæðamál	5,00	8,50	13,50	2,00	-11,50 3
Tækni- og hönnun	4,00	6,00	10,00	7,00	-3,00
Fjargæsla, vöktun og aflstýring	1,00	3,00	4,00		-4,00 4
	28,00	44,50	72,50	40,50	-32,00

1 Flutt í höfuðstöðvar

2 Sameinaðir vinnuflokkar

3 Að hluta flutt í höfuðstöðvar

4 Flutt í höfuðstöðvar: Kerfisstjórnun/framleiðsla

(h) Húsnæði

Við sameiningu fyrirtækjanna næst veruleg hagræðing í húsnæði. Gert er ráð fyrir að heildarnotkun húsnæðis minnki um 51,5% (sjá töflu 5). Þess ber þó að geta að kostnaður lækkar alls ekki í réttu hlutfalli við fermetrafjöldann því samningar Rarik í Reykjavík eru mjög hagstæðir og í raun alveg úr takt við það sem gerist á markaði í borginni. Um þann hluta málsins verður fjallað í kaflanum um húsnæðiskostnað hér á eftir (bls. 15).

Á Rangárvöllum þarf að bæta við um 1.100 m² en á móti losnar leiguhúsnæði í Reykjavík, samtals 3.295 m², og mögulegt verður að selja eða ráðstafa með öðrum hætti um 1.882 m² í eigu Rarik á Akureyri. Samtals samdráttur er því um 4.038 m².

Tafla 5: Húsnæðisþörf	VA m ²	Rarik NAL m ²	Rarik í Rvík m ²	Samtals m ²	RAVA m ²	Mismunur m ²
Skrifstofur	771	527	2.907	4.205	1.500	-2.705 1
Lager-fínvara	130	202	60	392	200	-192 2
Lager-grófvara	700	669	328	1.697	700	-997 3
Lagerskýli				0	600	600
Véla- og tækjageymsla	350	384		734	350	-384
Starfsmannaáðstaða	760	100		860	500	-360 4
	2.711	1.882	3.295	7.888	3.850	-4.038

1 Sala: 527 m², hæ tta leigu Rvík: 2.958 m² og ný leiga: 729 m²,

2 Hæ tta leigu: 60 m² í Rvík, sala: 202 m² á Ak. og ný leiga 70 m² á Rangárvöllum

3 Hæ tta leigu í Rvík: 328 m², sala á 669 m² á Ak

4 Starfsmannaáðstaða áæ tluð: 2/3 af 93 starfsm. og 5 m² á mann

(i) Yfirstjórn

Með yfirstjórn er átt við alla skrifstofustarfsemi á vegum höfuðstöðva Rarik í Reykjavík ásamt þeirri starfsemi sem flyst af skrifstofu umdæmisins og skrifstofu VA. Í september 2000 var starfsmannafjöldi höfuðstöðva í Reykjavík 56 í 55 stöðugildum.

Eins og kom fram í kaflanum um skrifstofuhald umdæmis er reiknað með að höfuðstöðvar hins sameinaða fyrirtækis taki yfir hluta af skrifstofuhaldi umdæmisins. Á þennan hátt skapast betri nýting á þeirri starfsemi sem fram fer í höfuðstöðvunum. Ennfremur er gert ráð fyrir að nýtt svið, kerfisstjórnun/framleiðsla, verði til í höfuðstöðvum RAVA.

Með þessum breytingum verður stöðugildafjöldi í höfuðstöðvum RAVA hf. samtals 55 og eru þá 2,5 störf við birgðavörslu á Akureyri meðtalin. Störf í höfuðstöðvum verði þessi:

- Framkvæmdastjórnun 3 störf
- Stoðverk 4 störf
- Tækniþjónusta 16,5 störf
- Fjármálaþjónusta 29,5 störf (þar af 2,5 störf við birgðavörslu á Akureyri)
- Kerfisstjórnun 2 störf

Hagræðing vegna þeirra breytinga sem verða á starfsmannafjölda í tengslum við sameininguna hefur að mestu verið reiknuð áður (sjá kaflann um almennt skrifstofuhald í umdæmi (g) og kaflann um birgðahald (b) hér að framan). Það sem ótalið er eru starfsmenn við birgðavörslu, sem hér færast undir stjórn höfuðstöðva.

Störfum í höfuðstöðvum hefur því fækkað um 2,5 stöðugildi og verður árlegur sparnaður vegna þeirrar hagræðingar um 10,0 m.kr.

Tafla 6 :Samanburður á starfsmannafjölda

	Rarik höfuðst.	Sameinað höfuðst.	Mismunur
Forstjóri	1,00	1,00	0,00
Framkvæ mdestjórar	2,00	2,00	0,00
Stoðverk	2,00	4,00	2,00 1
Innkaupa- og birgðastýring	6,00	3,00	-3,00 2
Birgðahald		2,50	2,50 2
Skrifstofa, fjármál, markaðs- og gæ ðamál	24,25	24,00	-0,25 3
Tæ knistörf og hönnun	19,75	16,50	-3,25 4
Fjargæ sla, vöktun og aflstýring	0,00	2,00	2,00 5
	55,00	55,00	0,00

1 Einn starfsmaður af tæ knisviði v/þ rónarstarfs og eitt starf við starfsmannastjórnun af Fjármálasviði	4 Sjá töflu 1 í viðauka 1
2 Þjú af sex stöðug. frá höfuðst. Rarik í Rvík og 2,5 af 4,5 stöðugildum við birgðavörslu	5 Tveir af fjórum starfsmönnum hjá Rarik umdæ mi og VA
3 Sjá töflu 1 í viðauka 1	

Samlegðaráhrif

Eins og fram kemur hér að framan er gengið út frá því við mat á mögulegu hagræði við sameiningu Rarik og VA að við sameininguna verði höfuðstöðvar Rarik fluttar. Hér á eftir verður fjallað um nokkra þætti er varða kostnað við sameininguna. Ennfremur er fjallað um áhrif sameiningar á sóknarfæri er kynnu að skapast í stærra fyrirtæki ásamt áhrifum á samskipti fyrirtækjanna við aðra aðila.

Í verklýsingu er beðið um mat á kostum þess og göllum „að viðhalda hluta af starfsemi sameinaðs fyrirtækis tímabundið í núverandi höfuðstöðvum fyrirtækjanna“. Niðurstaðan er sú að það hefði verulega neikvæð áhrif á möguleika til hagræðingar við sameininguna að fara þá leið. Það er hins vegar nokkuð ljóst að RAVA mun opna markaðs- og söluskrifstofu í Reykjavík þegar breytingar á raforkulögum taka gildi. Hvort sú opnun tengist lokun höfuðstöðvanna í tíma vegna hugsanlegrar áfangaskiptingar sameiningarinnar er ekki hægt að segja um fyrr en framkvæmda-áætlun sameiningar liggur fyrir ef/þegar ákvörðun um hana hefur verið tekin.

(a) Flutningskostnaður

Við mat á beinum kostnaði við flutning á starfsemi höfuðstöðva Rarik til Akureyrar hefur verið stuðst við reynslutölur af flutningi Landmælinga Íslands frá Reykjavík til Akraness, sbr. skilamat Framkvæmdasýslu ríkisins frá því í september 1999. Í skilamatinu kemur fram að kostnaður við flutninga nam um 65 m.kr.

Tafla 7: Mat á flutningskostnaði, byggt á reynslu flutnings LMÍ til Akraness

Heimild: Framkvæmdasýsla ríkisins - skilamat: Flutningur Landmælinga Íslands

Innréttingar og flutningur	Þús. krónur	Þús. kr. á starfsm.	Flutn.	
			Rarik þús.kr	Skýring
Ráðgjöf	1.976	56	2.000	1
Innréttingar	5.455	155	7.750	
Flutningur	18.436	526	26.300	
Símkerfi, raflagnir	5.489	156	7.800	
Sérkstakur húsbúnaður og fl.	7.058	201	10.050	
Umsjón og eftirlit	740	21	1.050	
Annað	703	20	1.000	
Samtals	39.856	1.135	55.950	
Tölvukerfi				
Gagnagrunnur, vélbúnaður	7.253	207	0	2
Netþjónar, hugbúnaður	6.115	174	0	2
Notendavélar	5.988	171	0	2
Skjalavistunarkerfi	2.087	59	2.950	
Uppsetningarvinna	2.121	60	3.000	
Jaðarbúnaður	883	25	0	2
Annað	1.239	35	1.750	
Samtals	25.685	731	7.700	
Heildarkostnaður	65.540	1.866	63.650	

1) Kostnaður ekki háður fjölda starfsmanna

2) Ekki gert ráð fyrir nýjum búnaði vegna sameiningar

Starfsmenn LMÍ eru um 35, þannig að kostnaður á starfsmann vegna flutninga nam um 1,9 m.kr. Þannig mætti ætla að kostnaður vegna flutnings 50 starfsmanna Rarik geti numið um 93 m.kr. Hins vegar er ljóst að nokkur kostnaður féll til við flutning LMÍ sem ekki tengdist flutningnum beint, heldur var tækifærið notað til að endurnýja búnað. Að teknu tilliti til þessa hefur matið verið leiðrétt, sbr. töflu 7. Samkvæmt henni er heildarkostnaður við flutning Rarik til Akureyrar áætlaður 64 m.kr.

(b) Húsnæðiskostnaður

Leigukostnaður á hvern fermetra í Reykjavík hefur verið Rarik afar hagstæður. Eins og fram kemur í töflu 8 hér á eftir er heildarleigugreiðsla vegna þeirra 3.300 m² sem Rarik hefur á leigu í dag fyrir skrifstofur og lagerhúsnæði um 14,3 m.kr. Samkvæmt töflu 5 hér að framan er gert ráð fyrir að RAVA noti húsnæði sem er um 4.000 m² minna en fyrirtækin nota í dag. Mestu munar um það húsnæði sem er í leigu í Reykjavík, um 3.300 m². Samtals nota Rarik og VA á Akureyri um 4.600 m² húsnæði. Þar af er húsnæði VA um 2.700 m² og er það allt á leigu en húsnæði Rarik er í eigu þess fyrirtækis.

Tafla 8: Leigukostn. á ári	VA		Rarik Rvík		RAVA hf.	
	kr. á m ²	kr.	kr. á m ²	kr.	kr. á m ²	kr.
Skrifstofur	850	7.864.200	355	12.383.820	850	15.300.000
Lager-fínvara	650	1.014.000	447	321.840	650	1.560.000
Lager-grófvara	650	5.460.000	401	1.578.336	650	5.460.000
Lagerskýli	0	0	0	0	390	2.808.000
Véla- og tækjageymsla	550	2.310.000	0	0	550	2.310.000
Starfsmannaaðstaða	850	7.752.000	0	0	500	3.000.000
		24.400.200		14.283.996		30.438.000

Gert er ráð fyrir að öll starfsemi RAVA verði á athafnasvæði VA á Rangárvöllum. Þar þarf að bæta við um 1.100 m² af húsnæði, þar af um 700 m² skrifstofuhúsnæði, en á móti kemur að hægt verður að selja eitur Rarik á Akureyri, um 1.882 m².

Samkvæmt upplýsingum fasteignasala á Akureyri má gera ráð fyrir að söluverð skrifstofuhúsnæðis sé um 55–70 þús. kr. á m² en um 40–50 þús. kr. á m² af iðnaðarhúsnæði. Samkvæmt upplýsingum frá FMR er skrifstofuhúsnæðið metið á 26,3 m.kr. en annað húsnæði á 42,4 m.kr. Hér er gert ráð fyrir að söluverðmæti skrifstofuhúsnæðis sé um 32,0 m.kr. og annars húsnæðis um 60,0 m.kr.

Samtals greiða VA og Rarik nú um 38,7 m.kr. í leigu en eftir sameiningu greiðir RAVA um 30,4 m.kr. Árlegur sparnaður vegna sameiningarinnar í leigugreiðslum verður því um 8,3 m.kr.

(c) Breytingar á starfsemi

Sú fjarskiptatækni sem við búum við í dag gerir það að verkum að staðsetning höfuðstöðva tæknifyrirtækja á borð við RAVA hf. skiptir ekki eins miklu máli og áður. Auðvelt er að koma boðum á milli manna með rafrænum miðlum, auk þess sem sameiginlegt netkerfi gerir mönnum kleift að vinna saman að einstökum verkefnum óháð staðsetningu.

Starfsemi Rarik byggist upp á fimm umdæmum og 18 útibúum. Ljóst er að starfsemi umdæmisskrifstofunnar á Akureyri breytist verulega við sameininguna og flutning höfuðstöðva Rarik norður, svo sem fram hefur komið.

Ekki er gert er ráð fyrir að sameiningin ein og sér leiði til breytinga á starfsemi annarra útibúa. Hins vegar kann að vera skynsamlegt að yfirfara rekstur útibúanna í tengslum við sameininguna með tilliti til hagræðingar.

Ekki er gert ráð fyrir hér að aukinn ferðakostnaður vegna flutningsins til Akureyrar hafi teljandi áhrif. Tæknileg þróun í fjarskiptatækni mun væntanlega minnka vægi þessa kostnaðar á komandi árum.

Í ljósi þeirrar þróunar sem stefnt er að með nýjum raforkulögum verður að reikna með að sameinað fyrirtæki muni reka söluskrifstofur á Reykjavíkursvæðinu.

(d) Færsla og endurnýjun á þekkingu og reynslu

Erfitt er að meta með áreiðanlegum hætti hvaða áhrif þekkingartap hefur á starfsemi nýs hlutafélags. Gengið er út frá því að starfsmenn utan skrifstofanna í Reykjavík þiggi boð um starf hjá sameinuðu fyrirtæki. Hugsanlegt þekkingartap mun því einskorðast við starfsfólk skrifstofanna í Reykjavík.

Reynslan af flutningi Landmælinga Íslands frá Reykjavík til Akraness sýnir að einungis um þriðjungur af fyrri starfsmönnum stofnunarinnar er enn í starfi; 2/3 eru því nýir starfsmenn. Að sögn forstjóra stofnunarinnar reyndist auðvelt að manna þessar stöður og sem dæmi má nefna að um 10 manns sóttu um hverja stöðu sem auglýst var. Flutningurinn og breytingar í starfsmannahaldi hefur auk þess leitt til þess að menntunarstig starfsmanna hefur hækkað. Í dag eru um 70% starfsmanna með háskólapróf en voru um 50% áður.

Flutningur þróunarsviðs Byggðastofnunar norður til Sauðárkróks leiddi af sér hlutfallslega meira þekkingartap. Enginn starfsmaður flutti norður með stofnuninni og var meðal annars gripið til þess ráðs að ráða í nýtt starf sérfræðings um byggðamál hjá Þjóðhagsstofnun.

Í samræmi við niðurstöður könnunar PwC á vilja starfsmanna Rarik til að flytja með starfseminni til Akureyrar er gert ráð fyrir því að um 10-15% starfsmanna starfi áfram hjá sameinuðu fyrirtæki. Þetta er nokkru lægra hlutfall en hjá Landmælingum, en herra en við flutning þróunarsviðs Byggðastofnunar til Sauðárkróks. Í þessu samhengi ber að líta til þess að Akureyri er talsvert stærra samfélag en Sauðárkrókur og má ætla að líklegra sé að starfsmenn flytji með starfseminni til Akureyrar en gildi um þróunarsvið Byggðastofnunar. Af þeim starfsmönnum sem starfa áfram hjá Landmælingum Íslands (1/3) eftir flutninginn hefur hins vegar aðeins einn flutt með henni, aðrir búa áfram í Reykjavík. Eðli flutnings Rarik til Akureyrar er hins vegar þannig að starfsmenn verða að flytjast búferlum og geta ekki sinnt starfi sínu frá Reykjavík.

Ljóst er að gagnvart starfsemi sameinaðs fyrirtækis Rarik og VA er þekkingartap fyrirtækisins mismikið eftir því um hvaða sérfræðiþekkingu er að ræða.

Af þessu leiðir að gera verður ráð fyrir allnokkrum kostnaði vegna glataðrar reynslu og þekkingar þeirra starfsmanna sem ekki flytja með þeim störfum sem flytjast til Akureyrar frá Reykjavík. Gert er ráð fyrir því að einungis um 10-15% starfsmanna flytji eða um 5 til 8 starfsmenn. Við sameininguna mun starfsmönnum fækka og þarf því ekki að ráða nema hluta í stað þeirra sem ekki flytja með starfseminni. Ætla má að ráða þurfi um 25 til 30 nýja starfsmenn. Miðað við að það taki hvern starfsmann að jafnaði sem nemur um 4 mánuðum að þjálfast í starfi má reikna með þjálfunarkostnaði sem nemur helmingi þjálfunartímans eða 50 til 60 mannmánuðum. Þjálfunarkostnaður verður á bilinu 17 til 20 m.kr., m.v. að meðallaunakostnaður á mánuð sé um 330 þús.kr. Í ljósi þess að fyrirtækið er ekki í samkeppnisumhverfi þarf ekki að gera ráð

fyrir að sameinað fyrirtæki verði fyrir tapi vegna glataðra viðskiptatækifæra á þjálfunartíma nýrra starfsmanna.

Ekki er tekið tillit til jákvæðra áhrifa við aðstæður sem þessar, þ.e. að auðveldara sé að koma breytingum í framkvæmd. Í því geta falist tækifæri sem og ógnanir.

(e) Sóknarfæri í kjölfar breytinga

Rekstrarumhverfi orkufyrirtækja mun breytast mjög á næstu árum eins og fjallað er um í kafla 8. Krafa um aðskilnað framleiðslu, flutnings, dreifingu og sölu gjörbreytir öllu starfsumhverfi og skapar nýja stöðu sem öll fyrirtæki í orkugeiranum þurfa að takast á við. Lagt er gróft mat á þau sóknarfæri sem mótast af hinu nýja rekstrarumhverfi en síðan verður vikið nánar að því hvaða sóknarfæri ættu einkum við um hið sameinaða fyrirtæki Rarik og VA. Markmiðið með þessari umfjöllun er að gefa vísbandingu um hvar sóknarfæri skapast og hvar helstu tækifæri liggja.

Orkuvinnsla

Einn megintilgangur þeirra breytinga sem framundan eru varðandi skipan raforkumála er að skapa samkeppni í orkuvinnslunni. Orkuframleiðendur munu í framtíðinni keppa á frjálsum markaði um sölu á raforku til stórnotenda og til þeirra fyrirtækja sem annast sölu endanlega til notenda.

Meginhluti orkuvinnslunnar verður í stórum vatnsafls- og jarðgufuvirkjunum. Minni virkjanir geta þó verið hagkvæmar og fallið vel að vaxandi orkuþörf hins almenna markaðar og staðbundnum aðstæðum. Á síðari árum hefur það tíðkast að binda verulegan hluta af orkusölnunni í langtímasamningum vegna orkufrekra iðjuvera. Samhliða því hefur verið ráðist í stærri og væntanlega hagkvæmari virkjanir en vöxtur hins almenna markaðar einn og sér hefði gert mögulegar. Stofnkostnaður virkjana er hár og afskriftartími langur þannig að eðlilegt er að dreifa áhættunni með því að binda hluta af sölnunni í langtímasamningum. Hluti orkunnar verður hins vegar boðin fram á markaði þar sem verðið mun ráðast af framboði og eftirspurn á hverjum tíma. Ótryggð orka (síldar- og loðnubræðslur, fjarvarmaveitur o.fl.) sem í dag er seld samkvæmt sérstökum samningum mun væntanlega færast yfir á þennan markað.

Samkeppni í orkuvinnslu verður því aðeins virk að nokkurt jafnræði ríki meðal þeirra aðila sem keppa eiga á markaðnum. Það væri mjög eðlilegt að virkur aðili í þeirri samkeppni væri RAVA. Hjá Rarik er verið að skoða virkjanakosti í Skagafirði og við Hveragerði og VA er þátttakandi í skoðun háhitasvæða á Norðurlandi.

RAVA ætti vegna stærðar sinnar og umráða yfir hagkvæmum virkjanakostum að eiga fullt erindi inn á samkeppnissvið orkuvinnslunnar.

Flutningur og dreifing

Við breytta skipan raforkumála er gert ráð fyrir að þeir sem taka þátt í samkeppnisumhverfinu þ.e. orkuframleiðendur og orkuseljendur búi við sömu stöðu gagnvart flutningi og dreifingu á raforku. Gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu eiga að stuðla að jafnræði milli þeirra sem keppa á markaðnum. Þó má gera ráð fyrir að einhver ákvæði verði í gjaldskrá flutningsaðila sem taki mið af fjarlægð orkuframleiðenda frá markaði og álagi á flutningskerfi, þannig að stuðlað verði að hagkvæmri nýtingu orkulinda og að kaupendur orkunnar skynji að kostnaður við raforkuflutning er breytilegur. Heimild til rekstrar flutnings- og dreifikerfa verður háð einkaleyfi. Verð- og neteftirlit verður væntanlega í höndum Samkeppnisstofnunar, Löggildingarstofu og Orkustofnunar.

Eitt af höfuðskilyrðum í rekstri flutnings- og dreifikerfa er að kerfisstjórinn mismuni ekki hópum kerfisnotenda í þágu eigin dótturfyrirtækja eða hluthafa. Samkeppnislög kveða á um fullkominn stjórnunarlegan og bókhaldslegan aðskilnað milli starfsþátta sem reknir eru í skjóli einkaleyfis og þeirra sem eru í samkeppni á opnum markaði. Á þessu stigi er óljóst hver verður fjöldi og umfang flutnings- og dreifingarfyrirtækja í landinu. Unnið er út frá þeim hugmyndum að flutnings- og dreifingarfyrirtæki verði hlutafélög þar sem núverandi eigendur kerfa eigi hlut í fyrirtækinu. Áhætta við rekstur flutnings- og dreifikerfa verður væntanlega tiltölulega lítil en arðsemi í rekstri háð því hvernig gengur að verða við þeim kröfum sem settar verða fram um hagræðingu. Krafa um stöðuga hagræðingu mun væntanlega leiða til frekar sameiningar dreifingarfyrirtækja á næstu árum. Sameining Rarik og VA væri liður í þeirri hagræðingu. Til að tryggja jafnræði milli dreififyrirtækja og til að stuðla að jöfnun dreifikostnaðar og þar með orkuverðs til notenda er óhjákvæmilegt að mæta kostnaði við fjárfestingu og rekstur óarðbærra rekstrareininga í strjálbyli.

Sala

Hjá sölufyrirtækjum eru ýmis sóknarfæri. Frjálst verður að selja hverjum sem er hvar sem er og því augljóst að ýmis tækifæri hljóta að skapast. Fyrir RAVA er því framundan bæði sóknar- og varnarbarátta. Staðsetning sölufyrirtækis RAVA skiptir hér miklu því almennt má segja að því nær markaðnum sem fyrirtæki er og því betri tengsl sem það hefur við viðskiptavinina sína þeim mun betur ætti bæði sóknar- og varnarbarátta að ganga. Sölufyrirtæki sem ætla sér stóra markaðshlutdeild verða að hafa góða aðstöðu til samskipta við viðskiptavinina á stærsta markaðssvæðinu.

Hjá sölufyrirtækjum eru töluverð tækifæri til sóknar með vöruþróun og útvíkkun á starfsemi. Seljendur geta sérhæft sig í sölu til tiltekinna markhópa, t.d. stórra fyrirtækja eða atvinnugreina eða í þjónustu við viðskiptavinina t.d. varðandi samningstíma, greiðslufyrirkomulag o.þ.h.

Samkeppnishæfni sölufyrirtækja byggist að mestu á óáþreifanlegum þáttum eins og markaðsþekkingu, ímynd, hæfni til bregðast hratt við nýjum aðstæðum, tengslum við viðskiptavinina o.s.frv. Með flutningi og sameiningu ætti að gefast gott tækifæri til þess að endurskipuleggja sölustarfsemi og byggja upp þessa þætti.

Þátttaka í sölustarfsemi krefst ekki mikillar fjárbindingar. Fyrirtækið RAVA hefur traustan bakhjarl í reynslu, mannafla og búnaði til þess að ástunda árangursríka sölustarfsemi. Samkeppnisharka verður væntanlega töluverð í greininni, í fyrstu meðal þeirra sem eru fyrir á þessu sviði, en síðar munu flóra þátttakenda verða fjölbreyttari, sbr. reynsluna frá nágrannalöndunum.

Í ljósi þess hve stutt þessi þróun er komin er ekki hægt að leggja raunhæft mat á áhrif sameiningarinnar á þennan þátt. Stærðin styrkir fyrirtækið en reikna verður með að sameinað fyrirtæki verði með sölustarfsemi á Reykjavíkarsvæðinu.

(f) Samskipti við stjórnslu, önnur orkufyrirtæki, ráðgjafa, birgja, umdæmisskrifstofur og útibú

Þegar á heildina er litið verður ekki séð að áhrif verði mikil vegna breytinga á samskiptum við þá aðila sem upp eru taldir hér að ofan. Líklega verða samskipti við stjórnslu heldur kostnaðarsamari vegna ferðalaga til funda. Þess ber þó að geta að þróun í samskiptatækni, fjarfundabúnaður o.þ.h. gerir það að verkum að þessi kostnaður fer minnkandi. Um samskipti við umdæmisskrifstofur og útibú gilda svipuð sjónarmið. Verði sölufyrirtæki eða útibú þess starfrækt á höfuðborgarsvæðinu má gera

ráð fyrir nokkrum kostnaði vegna þess. Stærri fyrirtæki hefur að öðru jöfnu betri samningsstöðu gagnvart birgjum og ráðgjöfum og ætti að vera hægt að ná hagstæðari samningum og verði, t.d. vegna magns. Ekki verður séð að um miklar breytingar verði að ræða varðandi samskipti við önnur orkufyrirtæki.

4. Mat á eignum

Mat varanlegra rekstrarfjármuna

Bæði Rarik og Rafveita Akureyrar hafa eignfært framkvæmdir að mestu en ekki sett þær á rekstur.

Um er að ræða bókhaldslegt mat og hefur ástand eignanna ekki verið skoðað. Eignir geta bæði verið vanmetnar og ofmetnar. Eining sem er að mestu afskrifuð getur verið vanmetin ef ástand hennar er gott og hún hefur fengið gott viðhald í gengum tíðina þannig að hún geti þjónað hlutverki sínu langt umfram afskriftatímann. Önnur eining getur verið ofmetin þar sem ástand hennar er slæmt og hún mun ekki endast afskriftatímann.

Rarik endurmat stofnkostnað við þær eignir sem byggðar voru fyrir 1987 sérstaklega 1993 og eru afskriftir síðan reiknaðar að nýju.

Ekki hefur verið lagt mat á hlut birgða í eignum.

Tafla 9: Heildar mat eigna	Endurmetið	Endurmetnar	Bókfært verð	%
	stofnverð	afskriftir		
Rarik	31.12.99	31.12.99	31.12.99	
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	
Reykjavík	92.315	375.420	-283.105	
Vesturland	5.550.721	3.663.796	1.886.925	
Norðurland vestra	5.226.258	3.142.987	2.083.271	
Norðurland eystra	5.329.290	3.254.574	2.074.715	
Austurland	12.133.473	8.135.639	3.997.834	
Suðurland	6.660.240	4.071.730	2.588.510	
	34.992.297	22.644.146	12.348.150	78,7%
Veitustofnanir Akureyrarbæjar				
Rafveita Akureyrar	2.083.620	1.227.746	855.874	
Hita- og vatnsv. Akureyrar	8.427.370	5.934.927	2.492.444	
	10.510.990	7.162.673	3.348.318	21,3%
Alls	45.503.287	29.806.819	15.696.468	

Eignir Rafveitu Akureyrar og Hita- og vatnsveitu Akureyrar

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er endurmetið með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 1999. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins.

- Fastafjármunir sem til eru í ársbyrjun eru framreiknaðir til árslokaverðlags með hækkun vísitölu neysliverðs.
- Fastafjármunir sem keyptir eru á árinu eru endurmetnir frá meðalverðlagi ársins til árslokaverðlags.
- Fastafjármunir sem seldir eru á árinu eru endurmetnir frá verðlagi í upphafi árs til meðalverðlagi ársins.
- Afskriftir eru reiknaðar miðað við eignarhaldstíma á árinu; keypt og selt er afskrifað í hálf ár.

Eignir Rarik

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er endurmetið með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 1999. Afskriftir eru færðar til gjalda á kaupamánuði.

- Fastafjármunir sem til eru í ársbyrjun eru framreiknaðir til árslokaverðlags með hækkun vísitölu neysluverðs.
- Fastafjármunir sem keyptir eru á árinu eru endurmetnir frá verðlagi kaupmánaðar til árslokaverðlags.
- Fastafjármunir sem seldir eru á árinu eru endurmetnir frá verðlagi í upphafi árs til verðlags sölumánaðar.
- Afskriftir eru reiknaðar miðað við eignarhaldstíma á árinu; keypt og selt er afskrifað frá kaup-/sölumánuði.

Neikvæð upphæð í flokknum Dreifilínur í Reykjavík kemur til vegna flýtiafskrifta sem Rarik var uppalagt frá stjórnvöldum vegna framlaga. Hún verður til þar sem Rarik fær samkvæmt nokkurra ára samningi við ríkið endurgreiddan hluta af arði sem fyrirtækið greiðir ríkinu til að styrkja dreifikerfin í sveitunum. Þessar fjárfestingar eru eignfærðar í viðkomandi landshluta en síðan eru þær settar á móti undir skrifstofuna í Reykjavík sem neikvæð upphæð sem kalla má þá flýtiafskrift en tilheyrir ekki Reykjavík.

Aðrar eignir

Ársreikningar VA, (þ.e. RA og HVA) og Rarik eru unnir í meginatriðum eftir sömu aðferðum og eru eignir metnar á svipuðum grundvelli. Helstu atriði í fjárhag fyrirtækjanna sem gætu vakið upp spurningar þessa efnis varða *afskriftir, fjárbindingu, viðskiptakröfur, og eignarhluti í öðrum félögum* (órekestrentengdar eignir).

Afskriftir

Sömu afskriftareglur eru í gildi hjá fyrirtækjunum þremur. Vegna eðlis starfseminnar er hlutfall varanlegra rekstrarfjármuna hátt og er því mikilvægt að þeir séu metnir á sama grundvelli. Langstærsti hluti eignanna felst í aðveitu- og dreifikerfum, og eru þau afskrifuð um 4% á ári. Fasteignir eru afskrifaðar um 2-4%, en aðrir rekstrarfjármunir, bifreiðar og vélar og áhöld, eru afskrifaðir um 20% á ári.

Fjárbinding

Fjárbinding á milli fyrirtækjanna er mismunandi. Eiginfjárhlutfall Rarik er um 76% en eiginfjárhlutfall VA er um 28%. Vegna stærðar Rarik yrði eiginfjárhlutfall sameinaðs fyrirtækis um 72%. Virkir vextir hjá báðum fyrirtækjum eru svipaðir – Rarik er með um 5% virka vexti á langtímaskuldum sínum og VA með um 4,4%.

Lánsfjárbinding hjá fyrirtækjunum er mismunandi. Rarik er að stærstum hluta fjármagnað með innlendu fjármagni, eða um 72% af heildarfjármagni, og er engin útistandandi lífeyrisskuldbinding. Fjárbinding VA er að stærstum hluta í erlendum lánum, eða um 78% og lífeyrissjóðsskuldbinding er um 200 m.kr..

Veltufjármunir

Hlutfall viðskiptakrafa af heildareignum er heldur lægra hjá Rarik en VA, eða um 4,5% á móti rúmlega 7% af heildareignum. Á móti greiðast viðskiptakröfur að

meðaltali eftir 55 daga hjá Rarik en 48 daga hjá VA. Fyrirtækin færa niður viðskiptakröfur í svipuðum hlutföllum – um og yfir 10% á ári.

Eignarhlutir í öðrum félögum

VA á hlut í öðrum félögum og verðbréf sem svarar 250 m.kr., en Rarik á um 74 m.kr. í bókfærðu verðmæti í dótturfélögum.

5. Fjárfestingarþörf

Við áætlun á fjárfestingarþörf er stuðst við framkvæmdaáætlun Rarik og VA fyrir næstu tvö ár, og er gert ráð fyrir að orkuspá Orkuspárnefndar hafi verið lögð til grundvallar. Samtals er gert ráð fyrir fjárfestingum á þessu ári (2000) hjá sameinuðu fyrirtæki að fjárhæð **970 m.kr.**, og á næsta ári (2001) um **1,000 m.kr.**

Rarik

Fjárfesting Rarik í varanlegum rekstrarfjármunum á sl. ári nam um 780 m.kr., sem var lítilsháttar lækkun frá árinu á undan. Samkvæmt framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir um 770 m.kr. í fjárfestingar á þessu ári, um 840 m.kr. á næsta ári, og um 780 m.kr. á árinu 2002. Skýringin á hækkuninni á næsta ári má leiða til áætlaðra framkvæmda vegna stofnlínu á svæðinu Eyvindará – Eskifjörður, að fjárhæð 193 m.kr..

VA

Á sl. ári fjárfesti VA í varanlegum rekstrarfjármunum (að undanskildum fjárfestingum í eignarhlutum í öðrum félögum og söluverði seldra rekstrarfjármuna því tengt) sem svarar um 175 m.kr. Áætlun VA um fjárfestingar á þessu ári er um 200 m.kr. VA hefur ekki gert áætlun lengra fram í tímann, og vísar í fjárhagsáætlanir þeirra stofnana sem standa að VA, Rafveitu Akureyrar og Hita- og vatnsveitu Akureyrar (HVA). HVA setti fram áætlun um fjárfestingar á næsta ári, 93 m.kr., sem er lækkun um 23 m.kr. frá árinu á undan. Rafveitan lagði ekki fram áætlun um fjárfestingar á næsta ári, en ef gert er ráð fyrir fjárfestingum án umtalsverðra breytingar frá þessu ári, verða þær um 60 m.kr. Því má ætla að fjárfestingar VA á næsta ári verði um 150-160 m.kr..

6. Orkuöflun

Með sameiningu VA og Rarik er ekki gert ráð fyrir að umtalsverðar breytingar verði á samskiptum við birgja frá því sem nú er. Landsvirkjun mun eftir sem áður vera helsti birgji hins sameinaða fyrirtækis, með yfir 90% af orkukaupum þess, og er vandséð að hið nýja fyrirtæki sé í betri samningsstöðu eftir samrunann. Þar af leiðandi er ekki hægt að gera ráð fyrir að beinn orkuöflunarkostnaður muni lækka að verulegu leyti.

Helstu samlegðaráhrif hvað sameiningu fyrirtækjanna varðar er betri aflstyring, þar sem markaðurinn verður stærri og því auðveldara um vik að stjórna álaginu.

VA og Rarik hafa á undanförunum misserum staðið að stofnun hlutafélaga eða umræðuhópa um virkjunarframkvæmdir. Um er að ræða tvö félög, Héraðsvötn og Sunnlenska orku, sem tengd eru Rarik, og umræður/félag um hugsanlegar virkjanir háhitasvæða í Öxarfirði og á Þeistareykjum, sem tengt er VA.

7. Orkuverð og gjaldskrár

Gjaldskrá VA liggur ekki fyrir og er þar af leiðandi byggt á gjaldskrám RA og HVA, ásamt gjaldskrá Rarik. Eins og búast mátti við er mesta samsvörunin með gjaldskrám

RA og Rarik. Það er ekki vandalaust að bera saman gjaldskrár fyrirtækjanna – þær eru mismunandi og hafa að geyma fjölda gjaldflokka.

Rarik skiptir gjaldskrá sinni í þrjá flokka, *Smásölu*, *Heildsölu* og *Tengigjöld*. Innan smásölnunnar, sem er um 60% af veltu, er fjöldi undirflokka sem spanna vítt svið notkunar, og er verð mjög mismunandi eftir notkunarflokki. Gjaldtaka er nær eingöngu byggð upp með *fastagjaldi* og *orkugjaldi*. Þessum flokki tilheyra einnig margar skilgreiningar og ákvæði er varða notkun, m.a. hvað varðar notkun yfir sumartímamann, á ótryggðri orku, véla- og tækjanotkun, o.fl.. Heildsala er um 28% af veltu og er gjaldskrá hennar öllu einfaldari en smásölnunnar, þótt gjaldaliðir séu mun fleiri. Sala á heitu vatni er aðeins brot af heildarumsvifum, eða um 4%.

Gjaldskrá RA samanstendur af þremur töxtum, *Almennum töxtum*, *Afltöxtum*, og *Öðrum töxtum*. Eins og hjá Rarik, samanstanda almennum taxtarinn af föstu gjaldi og orkugjaldi. Taxtar RA hafa farið lækandi undanfarin ár þrátt fyrir hækkun taxa Landsvirkjunar, og eru mun lægri en taxtar Rarik – sé t.d. miðað við almenna taxa er fastagjaldið um 2,600 kr. lægra á ári, og orkugjaldið um 1,50 kr. lægra á kWh.

Gjaldskrá HVA samsvarar að hluta til gjaldskrá Rarik um sölu á heitu vatni. Þó hefur HVA ekki verið með fastagjald eins og Rarik heldur eingöngu rúmmetragejald, þ.e. kr./m³ af vatni.

Gjaldskrár - samanburður				
	<i>Kwh</i>		<i>Kr.</i>	<i>Kr.</i>
RARIK				
A1	111.218.607	17%	846.687.071	7,61
B1	157.852.733	24%	885.151.021	5,61
Annað	398.379.112	60%	1.768.933.873	4,44
Forgangsorka	667.450.452	100%	3.500.771.965	5,24
VA				
A1	45.063.936	55%	259.178.647	5,75
B1	18.985.334	23%	82.028.820	4,32
Annað	18.326.981	22%	72.214.276	3,94
Forgangsorka	82.376.251	100%	413.421.743	5,02

Með breytingum á rekstrarumhverfi hins sameinaða fyrirtækis með vísan til tilskipana ESB um aðskilnað framleiðslu, flutnings, dreifingar og sölu á orkugjöfum, er líklegt að ofangreindar gjaldskrár breytist til lengri tíma lítið. Samkeppni á sviði framleiðslu og sölu, ásamt óheftum aðgangi að dreifingar- og flutningsneti orku, mun leysa úr læðingi breytingar sem, í stórum dráttum, markaðurinn einn fær ráðið.

Gera verður ráð fyrir því að við sameiningu fyrirtækjanna muni þeir viðskiptasamningar sem eru í gildi hjá hvoru fyrirtæki fyrir sig gilda áfram. Það hagræði sem af sameiningunni hlýst mun væntanlega, þegar til lengri tíma er lítið, endurspeglast í gjaldskrá sameinaðs fyrirtækis.

8. Breytingar á rekstrarumhverfi

Rekstrarumhverfi raforkufyrirtækja mun breytast verulega á næstu árum. Drifkraftur þessara breytinga er m.a. tilskipun Evrópuþings og ráðsins, 96/92/EB, um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 var þessi tilskipun felld inn í EES-samninginn og sú tilhögun staðfest fyrir Íslands hönd síðastliðið vor. Þessi tilskipun miðar að því að auka frelsi í viðskiptum með raforku milli stærri notenda og framleiðenda. Hornsteinar tilskipunarinnar eru:

- Afnáam einkaréttar starfandi orkufyrirtækja, sé hann fyrir hendi, m.a. til að framleiða og selja raforku.
- Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu, a.m.k. í bókhaldi. Varðandi flutningskerfið er einnig krafist stjórnunarlegs aðskilnaðar.
- Lágmarks aðgangur þriðja aðila að flutningskerfum þannig að þeir orkukaupendur, sem fullnægja tilteknum skilyrðum, sem hvert ríki fyrir sig setur á grundvelli tilskipunarinnar, geti gert samninga um orkukaup og fengið orkuna flutta um flutnings- og dreifikerfin.

Staðfesting tilskipunarinnar kallar á nýja löggjöf um raforkuviðskipti. Í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu er nú unnið að samningu frumvarps þar að lútandi. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hefur Ísland tveggja ára frest frá gildistöku ákvörðunarinnar til að uppfylla skuldbindingar sem af henni leiða, þ.e. til miðs árs 2002.

Í tilskipuninni er kveðið á um sameiginlegar reglur um flutning og dreifingu á raforku, þar með taldar reglur um skipulag og starfsemi raforkumarkaðarins, aðgang að markaðnum, sem og skilyrði fyrir leyfum til vinnslu á raforku.

Í tilskipuninni er víða að finna skírskotun til gagnsæis og banns við mismunun. Þau grundvallarsjónarmið að hvors tveggja skuli gætt skulu einkum tryggð þar sem um er að ræða einkaleyfi eða yfirburðarstöðu á markaði, enda er viðurkenning á þessum sjónarmiðum forsenda þess að mögulegt sé að koma á innri markaði með raforku. Bann við mismunun hefur verið skilgreint svo að með öll fyrirtæki eða viðsemjendur skuli farið eins við sömu aðstæður. Til að koma í veg fyrir mismunun er mikilvægt að nauðsynlegt gagnsæi sé tryggt við ákvarðanatöku og eftirlit.

Í ljósi hagsmuna framleiðenda og notenda raforku er m.a. kveðið á um miðstýringu og eftirlit með flutningskerfi raforku í þeim tilgangi að tryggja öryggi, áreiðanleika og afköst, en ákvarðanir og starfsemi flutningsaðila skulu ætíð vera hlutlægar, gagnsæjar og ekki fela í sér mismunun á neinn hátt. Til að tryggja gagnsæi og hlutlægni skal flutningsstarfsemin rekin óháð öðrum þáttum raforkustarfsemi og bókhald skal aðskilið fyrir hvern þátt fyrir sig. Með tilskipuninni eru settar fram almennar reglur og lágmarkskröfur. Það er hins vegar sett á vald hvers ríkis að útfæra reglurnar nánar og velja úr þeim leiðum sem tilskipunin gefur til að ná settu marki. Nú er unnið að þessari lagasetningu og því verður ekki séð nákvæmlega á þessari stundu hvernig löggjöfin verður hér á landi. Þó má ætla að gera þurfi a.m.k. eftirfarandi lágmarksbreytingar á löggjöfinni til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar:

1. Breyta þarf ákvæðum orkulaga nr. 58/1967, varðandi veitingu virkjanaleyfa. Fella þarf úr gildi að Alþingi þurfi að samþykkja allar virkjanir stærri en 2 MW. Í stað þess þarf að setja skilyrði sem allir aðilar sem óska eftir að fá að virkja þurfa að uppfylla. Skilyrðin þurfa að vera gagnsæ, mega ekki mismuna umsækjendum og þau þarf að birta opinberlega.
2. Greina þarf á milli raforkuvinnslu, -flutnings, -dreifingar og -sölu og annarrar starfsemi í bókhaldi fyrirtækja sem stunda fleiri en einn framangreindra þátta.
3. Setja þarf reglur um ársreikninga orkufyrirtækja þannig að þeir verði færðir í samræmi við lög um ársreikninga, nr. 144/1994.
4. Útnefna þarf ábyrga aðila til að reka flutnings og dreifikerfin. Ef fyrirtæki sinnir einnig vinnslu, dreifingu eða sölu rafmagns þarf að tryggja stjórnunarlegan aðskilnað flutningskerfisins.

5. Tryggja þarf að allir endanlegir notendur sem nota 100 GWh á ári eða meira geti samið beint um viðskipti sín.

Enda þótt þessar breytingar muni leiða til verulegra breytinga á rekstrarumhverfi rafveitna verður ekki annað séð en að sameiginlegt fyrirtæki Rarik og VA falli á eðlilegan hátt inn í þetta nýja umhverfi enda þótt taka verði tillit til þess við uppbyggingu fyrirtækisins. Ekki er ljóst hvar mörkin verða sett milli flutnings og dreifingar í hinu nýja umhverfi. Nefnd um stofnun landsnets leggur til að svonefnt Íslandsnet, sem annast á meginflutninginn, „taki í upphafi að minnst kosti til flutningskerfis Landsvirkjunar og flutningslína sem tengja Nesjavallavirkjun og orkuverið í Svartsengi við það kerfi“.

Þar sem Rarik og VA eru nú með starfsemisþætti sem í nýju umhverfi verða á samkeppnismarkaði (raforkuorkuvinnsla og raforkusala) og þætti sem áfram verða háðir einkaleyfum (raforkuflutningur/raforkudreifing, hitaveiturekstur og rekstur vatnsveitu) er rétt að benda á 2. mgr. 14. gr samkeppnislaga, sem gæti átt við um sameinað fyrirtæki í nýju umhverfi:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækis sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hlutar rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

Skattaumhverfi

Nokkur óvissa ríkir um skattalegt umhverfi fyrirtækja verði þeim breytt í hlutafélög. Líklegt er þó að fljótlega reyni á þetta ef Orkubúi Vestfjarða verður breyttur sameignarfélagi í eigu ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum í hlutafélag. Verði þau meðhöndluð eins og hefðbundin hlutafélög í skattalegu tilliti verða lagðir á þau beinir skattar, m.a. í formi tekju- og eignarskatts og tryggingagjalds. Jafnframt munu sveitarfélögin leggja fasteignaskatt á eignir þeirra.

Í 80. grein orkulaga segir:

„Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins, ...²⁾ og Jarðboranir ríkisins eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.“

Þetta er aftur áréttað í lögum nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, en í 13. gr. laganna segir:

„Orkubú Vestfjarða er undanþegið tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sýslu- og sveitarfélaga.“

Ákvæði þessi eiga stoð í 2. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Samkvæmt þessu greiða Rafmagnsveitur ríkisins enga skatta, hvorki tekju- eða eignarskatta til ríkissjóðs né fasteignaskatt til sveitarfélaga.

Við mat á fjárhagslegum áhrifum sameiningar fyrir eigendur fyrirtækjanna þarf að skoða hvaða áhrif hún myndi hafa á fjárstreymi til þeirra. Rarik hefur að jafnaði verið rekið með halla. Gerðir hafa verið útreikningar á samfélagslegum kostnaði Rarik. Í apríl 1998 komst Kaupþing að þeirri niðurstöðu að þessi kostnaður væri um 640 m.kr., m.v. 7% ávöxtunarkröfu, en Viðskiptafræðistofnun HÍ hafði, á árinu 1996, mat

hann á bilinu 250-600 m.kr. m.v. 6-10% ávöxtunarkröfu. Hjá Rarik hefur hann verið metinn á um 500 m.kr. á ári.

Verði orkufyrirtæki skattlögð í breyttu umhverfi hækka greiðslur til ríkissjóðs sem nemur skattlagningu hagnaðar VA og mögulegar arðgreiðslur til Akureyrarbæjar lækka að sama skapi. Skatttekjur Akureyrarbæjar munu hins vegar aukast vegna fasteignaskatta, en Rafmagnsveitur ríkisins greiða ekki fasteignaskatta í dag sbr. 80. grein orkulaga.

9. Frekari sameining og dreifing á eignaraðild

Eins og fram kemur hér að framan eru framundan miklar breytingar á rekstrarumhverfi orkufyrirtækja. Hver þróunin verður í kjölfarið er í mikilli óvissu en þó er líklegt að í meginatriðum verði tilhneigingin sú að stækka og efla einingar í þessum geira. Það kemur þó ekki í veg fyrir að til verði minni fyrirtæki bæði í framleiðslu og sölu.

Tafla 10: Heildsala Rarik Heimild: Ársskýrsla Rarik 1999	Forgangs- orka Gwh	Aukning f.f. ári %	Ótryggð orka Gwh	Aukning f.f. ári %	Samtals Gwh
Rafveita Sauðárkróks	19,6	1,9	16,0	14,5	35,6
Orkuveita Húsavíkur	15,7	-1,2	0,0		15,7
Rafveita Reyðarfjarðar	14,2	-2,5	1,0	18,2	15,2
Bæ jarveitur Vestmannaeyja	40,1	3,0	48,5	32,0	88,6
Selfossveitur bs.	35,5	2,1	8,3	-25,2	43,8
Rafveita Hveragerðis	16,4	5,2	0,0		16,4 ²
Akranesveita	45,6	1,5	0,0		45,6 ¹
Orkubú Vestfjarða	1,9	0,1	0,0		1,9
Hitaveita Rangæ inga	0,0		7,4	45,7	7,4
Aðrir	14,0	6,9	32,3	-7,3	46,3
	203,0	2,1	113,5	10,7	316,5

1: Viðskipti við Akranesveitu eru hluti af samningu Rarik við veituna um nýtingu orku frá

Andakvílsvirkjun sem er stýrt af Rarik.

2: Í árslok 1999 keypti Rarik rafdreifikerfi Hveragerðisbæjar á kr. 215 millj.

Heildarsala Rarik á rafmagn er um 994 Gwh og til þeirrar sölu framleiða þeir og kaupa um 1.100 Gwh. Eigin framleiðsla er um 11% af því magni eða um 124 Gwh. Heildsalan er því um 32% af heildarsölunni. Ekki er hægt á þessari stundu að spá um vilja þessara veitna til þess að koma að sameiningu Rarik og VA en þó er líklegt að það verði skoðað af alvöru þegar framangreindar breytingar koma til framkvæmda í orkugeiranum.

Fyrir liggur að ríkissjóður hefur lýst vilja til þess að kaupa sveitarfélögin á Vestfjörðum út úr Orkubúi Vestfjarða. Mjög líklegt verður að teljast að skoðað verði hvort ekki eigi að sameina OV og RAVA h. þegar þar að kemur. Af framangreindri skoðun á hagkvæmni sameiningar Rarik og VA má fullyrða að verulegt hagræði væri af því að sameina þessi fyrirtæki. Sama má segja um frekari sameiningu við smærri veitur víða um land.

Á síðustu árum hefur Rarik styrkt stöðu sína með kaupum á rafdreifikerfum og hitaveitum víða um land. Reynslan af þeim kaupum er staðfesting á niðurstöðum úr skoðun á sameiningu VA og Rarik, þ.e. að reikna megi með verulegri hagræðingu við sameiningu. Rarik hefur einnig unnið að því að styrkja stöðu sína í framleiðslunni og má þar nefna nýjustu dæmin, þ.e. aðild Rarik að Héraðsvötnum ehf. í Skagafirði ásamt heimamönnum og stofnun Sunnlenskrar orku ehf. með Hveragerðisbæ og

sveitarfélaginu Ölfusi. Í fyrra fyrirtækinu á Rarik 75% hlutafjár en í því síðara 90%. Héraðsvötnum ehf. er ætlað að standa að virkjun Héraðsvatna við Villinganes en Sunnlenskri orku ehf. að virkjun jarðhita í og við Grænadal.

Þegar horft er til þess að samkeppni verði komið á í framleiðslu og sölu á orku er líklegt að vart verði útrásar stórra fyrirtækja eins og Orkuveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Suðurnesja út fyrir núverandi viðskiptasvæði. Ekki er ólíklegt að fyrirtæki utan þeirra svæða leiti inn á stærsta markaðinn á suðvesturhorni landsins. Hvort það hefur þau áhrif að þau fyrirtæki sameinist og eflist með þeim hætti er erfitt að sjá fyrir þó svo að sýna megi fram á hagkvæmni þess í flestum tilfellum.

Við þessi skilyrði er afar mikilvægt að hafa aðgang að minni virkjunum og virkjunarmöguleikum til þess að svara þörf hins almenna markaðar fyrir aukna orkunotkun. Stærri virkjanir verða ekki byggðar til þess, þær verða vart byggðar nema að borðinu komi stór notandi sem tryggir afkomu slíkra virkjana. Þetta rennir stoðum undir þá skoðun að mikilvægt sé að til sé sterkt fyrirtæki á landsbyggðinni til þess að taka þátt í samkeppni framtíðar. Hvort það gerist með enn frekari sameiningu eða nánú samstarfi er eins og áður segir afar erfitt að spá fyrir um. Markaðurinn mun ráða þeirri þróun þegar hann verður virkur.

Komi til þess að fyrirtæki utan suðvesturhornins sameinist þá fjölgar mjög eigendum verði farin sú leið að sameina fyrirtækin en ekki sú að það stærsta kaupi hin upp. Það gefur ríkissjóði enn meiri möguleika á að draga sig út úr þessari starfsemi um leið og það styrkir RAVA hf. á markaðnum.

10. Rekstrarlíkan fyrir nýtt fyrirtæki

Sett hefur verið upp rekstrarlíkan fyrir hið sameinaða fyrirtæki. Það tekur mið af rekstri undanfarinna ára og hagræðingu sem áætlað er að náist með sameiningu.

Rekstrarreikningur

Rekstraryfirlit nær allt til loka ársins 2002. Upphafsreitur er rekstrarniðurstaða í lok árs 1999 og er hagræðing af sameiningu tekin sérstaklega fram fyrir rekstrarárið 2000. Gert er ráð fyrir að allir gjaldaliðir sem hlutfall af rekstrartekjum haldist óbreyttir eftir að tekið hefur verið tillit til hagræðingarinnar á fyrsta rekstrarári.

Hið sameinaða fyrirtæki mun velta um og yfir 6 ma.kr. á ári, þar sem 5 ma.kr. velta kemur með Rarik, og 1 ma.kr. fylgir VA.

Meðfylgjandi töflur útlista hagræðingu í rekstri hins sameinaða fyrirtækis:

Árleg hagræðing	mkr	Hagræðing 1. rekstrarárs	mkr
Hagræðing í breyttu mannahaldi	98,7	Kostnaður vegna flutnings	(64)
Hagræðing vegna lækkunar á bifreiðakostnaði	19,5	Kostnaður vegna þjálfunar	(20)
Hagræðing vegna lækkunar á skrifstofukostnaði	15,6	Sala á eignum	92
Hagræðing vegna upplýsingakerfa	11,5	Samtals	8
Hagræðing vegna lægri kostnaðar af birgðahaldi	2,3		
Hagræðing vegna lægri kostnaðar af leigu	8,3		
Samtals	155,9		

Með tilliti til ofangreindrar hagræðingar verður rekstrarreikningur hins sameinaða fyrirtækis eftirfarandi:

Rekstraráætlun	Sameinað fyrirtæki 1999	Hagræðing	Sameinað fyrirtæki 2000	Sameinað fyrirtæki 2001	Sameinað fyrirtæki 2002
<i>Rekstrartekjur</i>					
Samtals	6.052.207.518		6.233.773.744	6.358.449.218	6.485.618.203
<i>Rekstrargjöld</i>					
Gjöld vegna orkuöflunar, orkuflutnings, orkudreifingar og orkuafhendingar	3.702.855.189		3.813.940.845	3.890.219.662	3.968.024.055
Sameiginlegur kostnaður	975.583.631		827.983.631	844.543.304	861.434.170
Varanleg hagræðing í Sameiginlegum kostnaði		147.600.000			
Samtals	4.678.438.820		4.641.924.476	4.734.762.965	4.829.458.224
<i>Rekstrarhagnaður</i>	1.373.768.698		1.591.849.268	1.623.686.253	1.656.159.978
Afskriftir	(1.304.213.869)		(1.343.340.285)	(1.370.207.091)	(1.397.611.233)
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjám. tekjur og (fjarm.gjöld)	69.554.829		248.508.983	253.479.162	258.548.746
Hrein fjármagnsgjöld	(83.006.816)		(85.497.020)	(87.206.961)	(88.951.100)
Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði	(13.451.987)		163.011.962	166.272.202	169.597.646
Óreglulegt	197.725.219				
Hagræðing á 1. rekstrarári		8.000.000			
Hagnaður (tap)	184.273.232		155.011.962	158.112.202	161.274.446

Efnahagsreikningur

Stofnefnahagsreikningur fyrir hið sameinaða fyrirtæki byggist á efnahagsreikningum fyrirtækjanna fyrir sameiningu. Án umtalsverðra breytinga í fjárbindingu yrði hið nýja fyrirtæki með um 11,7 ma.kr í eigið fé og eiginfjárlutfall um 65%.

Stofnefnahagsreikningur

<i>Fastafjármunir</i>	
Óefnislegar eignir	45.723.667
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Virktanir	1.758.512.726
Veitukerfi	12.874.268.082
Samtals	14.632.780.808
<i>Aðrir rekstrarfjármunir</i>	
Fasteignir og lóðir	803.180.234
Áhöld, tæki, bifreiðar, vinnuvélar	268.323.063
Samtals	1.071.503.297
Skuldabréfaeign, stofnframl, eignahlutir í öðr. fél.	327.981.932
Samtals	16.077.989.704
<i>Veltufjármunir</i>	
Efnis- og rekstrarvörubirgðir	482.314.591
Skammtimákröfur:	
Viðskiptakröfur	881.699.619
Aðrar skammtimákröfur	321.378.191
Handbært fé	166.942.883
Samtals	1.852.335.284
EIGNIR SAMTALS	17.930.324.988
<i>Eigið fé</i>	
11.679.634.196	
<i>Langtímaskuldir</i>	
Lífeyrisskuldbinding	363.500.000
Skuldabréfalán	4.369.621.627
Samtals	4.733.121.627
<i>Skammtimaskuldir:</i>	
Skuld við lánastofnanir	314.768.675
Viðskiptaskuldir	585.772.848
Næstaárs afborganir langtímaskulda	371.078.071
Aðrar skammtimaskuldir	245.949.571
Samtals	1.517.569.165
Skuldir samtals	6.250.690.792
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS	17.930.324.988

Sjóðsstreymi

Áætlað sjóðsstreymi fyrir rekstrarárið 2000 miðast við að veltufé frá rekstri sé rúmlega 1,2 ma.kr og að fjárfestingar á árinu séu um 1 ma.kr. Gert er ráð fyrir að helstu liðir þess haldist í sömu hlutföllum og velta hins sameinaða fyrirtækis.

Sjóðsstreymi	2000	2001	2002
Veltufé frá rekstri	1.216.639.822	1.240.972.619	1.265.792.071
Handbært fé frá rekstri	1.380.410.525	1.408.018.735	1.436.179.110
Fjárfestingarhreyfingar	(1.033.409.682)	(1.054.077.876)	(1.075.159.433)
Fjármögnunarhreyfingar	(358.853.735)	(366.030.809)	(373.351.425)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(11.852.892)	(12.089.950)	(12.331.749)
Handbært fé í ársbyrjun	166.942.882	170.281.740	173.687.374
Handbært fé í árslok	155.089.990	158.191.790	161.355.626

Óarðbærar rekstrareiningar

Ljóst er að með stórvægilegum breytingum á rekstrarumhverfi atvinnugreinarinnar, eins og upp er lagt í tilskipunum ESB og EES, þarf sérstaklega að huga að óarðbærum rekstrareiningum. Ljóst er að rekstrarforsendur orkuflutnings og orkudreifingar munu eiga undir högg að sækja eins og komið hefur fram í úttektum á starfseminni.

Ef ganga á úr skugga um að dreifbýlisvæði fái sömu þjónustu og byggðakjarnar, er víst að flutningur rafmagns og dreifing þess á strjálbýl svæði mun verða rekstrarlega óhagkvæm, eins og verið hefur. Grípa þyrfti því til sértækra aðgerða svo innleiðing samkeppni í atvinnugreinina nái fram að ganga án þess að landsmenn í strjálbýlli héruðum landsins verði fyrir skerðingu á þjónustu.

Í sögulegu tilliti hefur rekstur þessara óarðbæru eininga verið jafnaður út að mestu leyti með hagnaði frá arðbærari rekstrareiningum. Um leið og opnað verður fyrir samkeppni verður erfiðara um vik að viðhalda þessum jöfnuði þar sem nýir aðilar á þessum markaði hefðu ef til vill ekki safn arðbærra og óarðbærra rekstrareininga sem sameiginlega myndu skila af sér viðunandi arðsemi. Að auki hafa þessir aðilar ekki sömu félagslegu skyldur og opinberu fyrirtækin í atvinnugreininni. Kröfur þeirra um arðbæran rekstur færu ekki saman við þann jöfnuð sem ríkja þyrfti í flutningi og dreifingu orku til strjálbýlli svæða.

Til að ná fram þeim ávinningi sem væntanlega er stefnt að með því að skapa samkeppnisumhverfi í orkuiðnaðinum verður að gera ráð fyrir að opinberir aðilar komi á einn eða annan hátt að málinu og greiði fyrir flutning og dreifingu í strjálbi byggðir landsins. Þannig myndi frjáls samkeppni í atvinnugreininni ná að festa rætur þar sem hinir nýju rekstraraðilar gætu gert ásættanlega arðsemiskröfu á rekstur sinn, og neytendur í arðbærari rekstrareiningum þyrftu ekki, a.m.k. ekki með beinum hætti, að greiða niður þjónustu til annarra neytenda.

11. Starfsmannamál

Eins og fram kemur í kafla 3 hér að framan eru um 130 starfsmenn að störfum í 127,5 stöðugildum hjá Rarik í Reykjavík og á Akureyri og hjá Veitustofnunum Akureyrarbæjar. Ljóst má vera að sameining fyrirtækjanna og það að hið nýja félag verður hlutafélag hefur áhrif á stöðu og réttindi þessara starfsmanna og reyndar allra starfsmanna Rarik í umdæmum og útibúum um allt land. Mest verða þó áhrifin fyrir starfsmenn í höfuðstöðvum Rarik í Reykjavík ef til þess kemur að þær verði fluttar til Akureyrar í kjölfar sameiningarinnar. Þetta helgast af því að flestir þeirra munu ekki flytja með fyrirtækinu norður, skv. viðhorfskönnun sem fram fór dagana 14-19. sept. (um 85% munu hætta vegna flutningsins). Auk framanritaðs kom fram að um 58% þátttakenda voru frekar eða mjög sammála því að það yrði fyrirtækjunum til framdráttar að sameinast.

Lífeyrisréttindi og félagsaðild

Í töflu hér á eftir má sjá skiptingu mannaflans á stéttarfélag annars vegar og lífeyrissjóði hins vegar. Af starfsmönnum Rarik í Reykjavík og á Akureyri eru 25 (30%) í Starfsmannafélagi ríkisstofnana en 40 í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Aðrir eru á kjarasamningum sinna fagfélaga og greiða í viðkomandi sjóði.

Hjá Veitustofnunum Akureyrarbæjar starfa 46 starfsmenn en af þeim eru 33 í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar en 13 í viðkomandi fagfélögum. 41 starfsmaður hjá VA (89%) greiðir í Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar.

Meðferð á lífeyrisskuldbindingum er með sama hætti hjá fyrirtækjunum. Nokkuð skiptar skoðanir eru um hvort starfsmenn hlutafélagsins eigi rétt/kost á að halda áfram að greiða í opinbera sjóði eftir breytinguna. Almennt er reiknað með að lífeyrissjóðsaðild sé tengd kjarasamningum. Verði það heimilað með lagasetningu um hið nýja hlutafélag að starfsmenn verði áfram í sínum fyrri sjóðum er ljóst að launakostnaður fyrirtækisins verður hærri en almennt gerist hjá öðrum hlutafélögum þar sem móttframlag vinnuveitanda í opinbera sjóði nemur 11,5% af launum en á almenna markaðnum er þessi greiðsla 6% af launum. Þetta hefur augljós áhrif á

Lífeyrissjóðir - starfsmannafélög											
	SFR	STAK	KTFÍ	KVH	SV	SB	RSÍ	Ú	VÍ	EIN	Samtals
LSR A	4		3	2		1					10
LSR B	21		5	3	1						30
LVÍ					11						11
LÍFIÐN							29				29
LAT			5								5
L. NORÐURL.									1	2	3
L. VERSLM								1			1
LSA		33	2				6				41
Samtals	25	33	15	5	12	1	35	1	1	2	130

- LSR A Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild SFR Starfsmannafélag ríkisstofnana
- LSR B Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild STAK Starfsmannafélag Akureyrar
- LVÍ Lífeyrissjóður verkfræ ðingafél. Ísl. KTFÍ Kjarafélag tæ knifr.fél. Íslands
- LÍFIÐN Lífeyrissjóður iðnaðarmanna KVH Kjarafélag viðskipta- og hagfræ ðinga
- LAT Lífeyrissjóður arkitekta og tæ knifræ ðinga SV Stéttarfélag verkfræ ðinga
- L. NORÐURL. Lífeyrissjóður Norðurlands SB Stéttarfélag bókasafnsfræ ðinga
- L. VERSLM Lífeyrissjóður verslunarmanna RSÍ Rafiðnaðarsamband Íslands
- LSA Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæ jar Ú Útgardur
- VÍ Vélstjórafélag Íslands
- EIN Eining á Akureyri

samkeppnisstöðu fyrirtækisins. Ef starfsmenn fara í nýja sjóði þannig að greiðslur í lífeyrissjóði verða með sama hætti hjá fyrirtækinu eins og almennt gerist er það talið vera svo mikil breyting á starfskjörum að biðlaunaréttur geti orðið virkur (sbr. dóm í máli SR-mjöls).

Önnur réttindi

Ljóst er að ef fyrirtækin verða sameinuð, þeim breytt í hlutafélag og núverandi höfuðstöðvar Rarik fluttar til Akureyrar mun verða deilt um réttindi starfsmanna til biðlauna. Í ákvæðum til bráðabirgða í lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna segir orðrétt:

„Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónusturíkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr.“

Í 34. gr. segir m.a.:

„.....enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.

Nú tekur maður, er launagreiðsla nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónusturíkisins eða annars aðila áður en liðinn er sex eða tólf mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða

hærri en þau er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka sex eða tólf mánaða tímabilsins”.

Samkvæmt þessu virðist það ekki leiða til biðlaunaréttar að breyta opinberri stofnun í hlutafélag, þ.e. ef það er tekið fram í lögnum um þá aðgerð. Þetta á við ríkisstarfsmenn. Starfsmenn Akureyrarbæjar starfa enn skv. ákvæðum fyrri laga, þ.e. laga nr. 38/1954, þar sem ákvæði sambærilegt við ákvæði 34. gr. eru mun þrengri gagnvart því að starfsmaður hafni öðru starfi. Skv. umfjöllun um lífeyrisréttindi hér að framan virðist leika nokkur vafi á því hvenær starf hættir að vera „sambærilegt”. Hvaða áhrif sameining fyrirtækjanna hefur er ekki ljóst.

12. Áhrif á byggðapróun

Byggðastofnun hefur þróað aðferð til að meta margfeldisáhrif breytinga á mannfjölda út frá breytingum í ársverkum. Þessari aðferð var m.a. beitt við mat á áhrifum stóriðju á búsetu og vinnumarkað þegar metið var hvar hagkvæmast væri að setja niður álver árið 1990. Þá var m.a. metið hvaða áhrif álver í Eyjafirði hefði.

Í skýrslu Byggðastofnunar, *Áhrif stóriðju á búsetu og vinnumarkað – könnun á áhrifum nýs álvers á höfuðborgarsvæðinu, í Eyjafirði eða Reyðarfirði*, sem unnin var í mars 1990, er aðferðafræðinni lýst. Þar segir:

„Þegar meta þarf áhrif af nýjum útflutningsgreinum er gjarnan reiknaður *útflutningsmargfaldari* fyrir viðkomandi svæði. Með þessari aðferð er gerð tilraun til að segja fyrir um hver verða áhrif fjölgunar útflutningsstarfa á aðrar greinar á viðkomandi vinnumarkaði. Margfaldarinn mælir fjölda afleiddra starfa í öðrum atvinnugreinum. Margfaldarinn má nálgast með því að reikna svo nefnt *staðarhlutfall* launa eða ársverka í hverri atvinnugrein á hverju landsvæði. Launamargfaldarinn gefur lægri tölur og er sennilegt að hann sé betri mælikvarði en ársverk þar sem ósamræmi er oft í skráningu ársverka til dæmis í landbúnaði og hjá þeim sem eru í hlutastörfum. Heildaráhrif á vinnumarkað af tiltekinni útflutningsframleiðslu eru þá útflutningsstörfin að viðbættum margfeldisáhrifunum. Í raun er verið að ganga út frá því að hlutfall útflutningsgreina og eiginnotagreina breytist ekki á viðkomandi vinnumarkaði þótt útflutningsstörfum fjölgi.“ (bls. 3)

Haft var samband við Sigurð Guðmundsson, sérfræðing Þjóðhagsstofnunar í byggðamálaum um að gera útreikning, byggðan á sömu hugmyndafræði og lýst var í fyrrnefndri skýrslu Byggðastofnunar. Niðurstaða útreikninga hans eru að svokallaður vikumargfaldari gefi niðurstöðuna 1,9 (byggist á ársverkum), en launamargfaldarinn geti verið um 1,5 (byggist á launum). Hér verður byggt á launamargfaldaranum. Þar sem Akureyri er nokkuð stórt bæjarfélag er talið rétt að draga nokkuð úr margfeldisáhrifunum og var niðurstaðan að miða við að um 1,2 ársverk yrðu til við flutning á hverju 1 nýju ársverki. Veigamestu rökin fyrir þessu eru að í stóru bæjarfélagi eins og Akureyri má búast við að margfeldisáhrifum verði að hluta mætt með betri nýtingu á kröftum sem fyrir eru.

Áhrif á íbúafjölda má reikna út frá atvinnuþátttöku á Akureyri. Atvinnuþátttakan þar er um 50%, sem þýðir að fjölgi störfum um 2,2 þá fjölgar íbúum um 4,4.

Ekki liggur fyrir hversu hröð þessi áhrif verða en þegar flutningurinn hefur átt sér stað og áhrifin hafa að fullu skilað sér má gera ráð fyrir því að íbúum Akureyrar fjölgi um 4,4 fyrir hvert starf sem flyst norður.

Svo sem fram hefur komið frammar í hagkvæmniathugun þessari mun fjölgun starfsmanna sem staðsettir verða á Akureyri í kjölfar sameiningar og flutnings norður vera

um 20 manns. Samkvæmt framansögðu má því gera ráð fyrir því að fjölgun á Akureyri verði um tæpa 90 íbúa.

Í árslok 1999 voru íbúar Akureyrar 15.139 talsins, fjölgunin nemur því tæpum 0,6%.

Gera má ráð fyrir því að auk þess sem flutningur höfuðstöðva Rarik til Akureyrar leiðir til fjölgunar íbúa, fjölgi störfum í þeim tæknigreinum sem þjónusta hið sameinaða fyrirtæki. Í dag eru um 20 starfsmenn við tæknistörf og hönnun í höfuðstöðvum Rarik í Reykjavík.

Í *Byggðastefnu til nýrrar aldar*, sem Byggðastofnun og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri tóku saman í maí 1998, segir: „... eru miklu fleiri sérfræðingar hlutfallslega á höfuðborgarsvæðinu heldur en á landsbyggðinni árið 1996, eða um 18% á móti 8%. Þetta þýðir einfaldlega að forsendur fyrir nýsköpun, þekking og færni þeirra sem henni eiga að hrinda í framkvæmd, er umtalsvert meiri á höfuðborgarsvæðinu heldur en á landsbyggðinni.“ Þá kemur fram í skýrslunni að íbúar á hvern tæknimann á höfuðborgarsvæðinu voru 261, en 1.058 á landsbyggðinni. Að lokum kemur fram í tillögum höfunda að „... stórefla (þurfi) tækni- og verkmenntun á landsbyggðinni“.

Gera má ráð fyrir því að með fjölgun tækni- og viðskiptamenntaðra einstaklinga á Akureyri verði skotið styrkari stöðum undir rekstrar- og tölvunám í Háskólanum á Akureyri, s.s. með beinum tengslum í formi stundakennslu og rannsókna og óbeinum hætti með starfsvettvangi til framtíðar fyrir þá nemendur sem útskrifast frá skólanum.